Skipunar- og kjörtími stjórnarmanna er þrjú ár.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast reikningshald og daglega afgreiðslu sjóðsins fyrir þóknun eftir samkomulagi hennar og stjórnar sjóðsins.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af hinni umboðslegu endurskoðun án sérstakrar þóknunar.

49

12. júní

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal sjá um ávöxtun hans. Skal ávaxta sjóðinn í tryggum verðbréfum, svo sem rikisskuldabréfum og skuldabréfum með ríkisábyrgð, skuldabréfum, tryggðum með fyrsta veðrétti í fasteignum samkvæmt því, sem nánar verður ákveðið í reglugerð, eða með öðrum tryggilegum hætti.

Við lánveitingar til íbúðabygginga skulu sjóðfélagar sitja fyrir. Lán úr sjóðnum skulu í engu skerða rétt sjóðfélaga til veðlána samkvæmt lögum nr. 42/1957, um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins o. fl.

Fé sjóðsins, sem ekki er ráðstafað í föstum lánnum eða verðbréfum, skal ávaxtað eftir því, sem við verður komið, í tryggum lánsstofnunum á þeim stöðum, þar sem fé sjóðsins fellur til.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal fimmta hvert ár láta tryggingafræðing rannsaka fjárhag sjóðsins. Þyki honum rannsókn sín leiða í ljós, að fjárhagsgrundvöllur sjóðsins sé ótryggur, skal hann gera tillögur til stjórnar sjóðsins um aðgerðir til að efla sjóðinn. Síni rannsóknin hins vegar, að fjárhagur sjóðsins sé svo góður, að iðgjöld mætti lækka, skal hann athuga vandlega, hversu mikil sú lækun mætti vera, og gera tillögur sínar um það til sjóðstjórnarinnar. Sjóðstjórnin má aldrei lækka iðgjöld meira en tryggingafræðingur hefur lagt til, að gert yrði.

9. gr.

Sjóðfélagar greiði 4% af heildarársláunum sínum í iðgjöld til sjóðsins. Launagreiðanda ber að halda iðgjöldum eftir af launum sjóðfélaga og greiða þau til sjóðsins innan tveggja vikna frá útborgun launanna.

Sjóðfélagar bera eigi ábyrgð á skuldbindingum sjóðsins nema með iðgjöldum sínum.

Launagreiðendur greiði 6% af heildarársláunum þeim, er sjóðfélagi tekur hjá þeim, í iðgjöld til sjóðsins.

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 35 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda hans vegna.

10. gr.

Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum ellilífeyri og örorkulífeyri og eftirlátnum maka þeirra og börnum lífeyri samkvæmt ákvæðum þeim, sem hér fara á eftir.

11. gr.

Hver sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengur og er orðinn fullra 65 ára að aldri, á rétt á árlegum ellilífeyri úr sjóðnum.

Upphæð ellilífeyrisins er hundraðshluti af meðallaunum hlutaðeigandi sjóðfélaga síðustu 10 starfsár hans, og er hundraðshluti þessi hækkandi eftir því, sem starfstíminn verður lengri, svo sem hér segir:

Starfstími:	Ellilífeyrir:	Starfstími:	Ellilífeyrir:
10 ár	10 %	21 ár	32 %
11 —	12 —	22 —	34 —
12 —	14 —	23 —	36 —
13 —	16 —	24 —	38 —
14 —	18 —	25 —	40 —
15 —	20 —	26 —	42 —
16 —	22 —	27 —	44 —
17 —	24 —	28 —	46 —
18 —	26 —	29 —	48 —
19 —	28 —	30 — eða lengur	50 —
20 —	30 —		

Það telst eitt starfsár samkvæmt grein þessari, hafi sjóðfélagi tekið laun sem 49 togarasjómaður 9 mánuði eða meira á sama almanaksári.

12. júní

Upphæð ellilífeyris má aldrei nema meiru en 75% af meðallaunum togarasjómannna á hverjum tíma í sams konar starfi og því, er sjóðfélaginn lét af.

12. gr.

Hver sjóðfélagi, sem ófær verður til að gegna því starfi, sem hann hefur gegnt þangað til, og eigi á kost á öðru jafngóðu starfi við hans hæfi á togara eða missir einhvern hluta af launum sínum sökum slíkrar örorku, á rétt á örorkulífeyri, ef tryggingayfirlæknir metur örorkuna meiri en 35%. Örorkumat þetta skal aðallega miðað við vanhæfni sjóðfélaga til að gegna starfi því, er hann hefur gegnt að undanfögnu.

Ef rekja má aðalorsök örorkunnar til starfs þess, sem öryrkinn gegndi, er hámark hins árlega örorkulífeyris hans jafnhátt ellilífeyri þeim, er hann hefði öðlazzt rétt til, ef hann hefði gegnt stöðu sinni til 65 ára aldurs. Endranær miðast hámark örorkulífeyrisins við starfstíma og meðallaun 10 síðustu starfsár öryrkjans með sama hætti og segir í 11. gr.

Örorkulífeyrir hvers einstaks er sami hundradshluti af hámarksörorkulífeyri hans samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar sem örorka hans er metin. Þrátt fyrir örorku getur enginn fengið örorkulífeyri, meðan hann heldur jafnháum launum og hann áður hafði hjá aðila, sem tryggir starfsmenn sína í lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum eða viðurkenndur af fjármálaráðuneytinu.

Skýlt er öryrkja, sem sækir um örorkulífeyri úr sjóðnum eða nýtur hans, að láta stjórn sjóðsins í té allar þær upplýsingar um heilsufar sitt, sem nauðsynlegar eru til að dæma um rétt hans til örorkulífeyris.

Stjórn sjóðsins er heimilt að lækka eða fella niður örorkulífeyri þeirra öryrkja, sem fá starfsorku sína aftur að nokkru eða öllu leyti.

Sömuleiðis ber stjórn sjóðsins að hækka örorkulífeyrinn, ef örorkan vex til muna og án sjálfskaparvita frá því, sem hún var metin við fyrri ákvarðanir, enda verði aukning örorkunnar ekki rakin til annarra starfa en á togara.

13. gr.

Nú andast sjóðfélagi, og lætur hann eftir sig maka á lífi, og á þá hinn eftirlifandi maki rétt til lífeyris úr sjóðnum, enda hafi hinn látni greitt iðgjöld til sjóðsins í 10 ár eða lengri tíma og hjónabandinu hafi eigi verið slitið að lögum áður en hann lézt.

Nú andast sjóðfélagi, er greitt hefur iðgjöld til sjóðsins skemmri tíma en 10 ár, og skal þá endurgreiða með vöxtum til eftirlifandi maka hans iðgjöld þau, er hann hefur greitt til sjóðsins.

Upphæð lífeyris hins eftirlifandi maka fer eftir starfstíma hins látna og meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsár hans. Ef starfstíminn er 10 ár, er hinn árlegi lífeyrir 20% af meðalárslaunum, en hækkar síðan fyrir hvert starfsár um 0.75% af meðalárslaunum, unz hámarkinu 35% af meðalárslaunum er náð, eftir 30 ára starfstíma. Lífeyrir eftirlifandi maka má þó aldrei nema meiru en 50% af meðaltekjum manna í sömu starfsgrein á hverjum tíma.

Sé hinn eftirlifandi maki yngri en 50 ára og hafi hann verið meira en 10 árum yngri en hinn látni, lækkar lífeyrir hans um 1% af meðalárslaunum fyrir hvert ár, sem aldursmunurinn nemur umfram 10 ár. Þó skal frádrátturinn ekki vera fleiri hundradshlutar af meðalárslaunum en ár þau, er hinn eftirlifandi maka vantar á 50 ára aldur.

Nú hefur sjóðfélagi gengið í hjónaband, eftir að hann var orðinn 60 ára, eða á þeim tíma, er hann naut lífeyris úr sjóðnum eða hann var lagztur banaleguna,

49 og úrskurðar þá stjórn sjóðsins, hvort hinn eftirlifandi maki hans skuli njóta líf-
12. júní eyris úr sjóðnum eða eigi.

Réttur til lífeyris samkvæmt þessari grein fellur niður, ef hinn eftirlifandi maki gengur í hjónaband að nýju, en kemur aftur í gildi, sé hinu síðara hjónabandi slitið, enda veiti hið síðara hjónaband eigi rétt til lífeyris úr sjóðnum. Veiti síðara hjónabandið einnig rétt til lífeyris, má eftirlifandi maki velja um, hvort hann tekur lífeyri eftir fyrri eða síðari makann.

14. gr.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og gegnir starfi sínu áfram, eftir að iðgjaldagreiðslu hans er lokið og hann hefur öðlzt rétt til að hætta störfum og fá ellilífeyri, og hækkar þá réttur hans til ellilífeyris um 3% af meðalárslaunum hans síðustu 10 starfsárin fyrir hvert ár, er hann frestar að taka ellilífeyri. Á tilsvarendi hátt hækkar lífeyrisréttur maka hans um 1½% af meðalárslaunum fyrir hvert ár.

Nú frestar sjóðfélagi að taka ellilífeyri og tekur jafnframt við öðru starfi á togara, lægra launuðu en því, er hann gegndi áður, og gilda þá reglur næstu málsgreinar að framan óbreyttar að öðru leyti en því, að ellilífeyrir og makalífeyrir skulu reiknaðir af meðallaunum síðustu 10 ára í því starfinu, sem herra var launað, ef það meðaltal er herra en meðaltal launa síðustu 10 starfsárin.

15. gr.

Börn eða kjörbörn, sem sjóðfélagi lætur eftir sig, er hann andast, og yngri eru en 16 ára, skulu fá árlegan lífeyri úr sjóðnum, þar til þau eru fullra 16 ára að aldri, enda hafi hinn látni séð um framfærslu þeirra að nokkru eða öllu leyti. Sama gildir um börn eða kjörbörn, er sá maður lætur eftir sig, er naut elli- eða örorkulífeyris úr sjóðnum, er hann andaðist.

Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess 50% af meðalmeðlagi því, er félagsmálaráðherra hefur ákveðið með barni á sama aldri í Reykjavík á þeim tíma, sem lífeyririnn á að greiðast. Að öðrum kosti er lífeyririnn meðalmeðlag þetta.

Sama rétt öðlast börn og kjörbörn sjóðfélaga, er hann verður öryrki.

Fósturbörn, er sjóðfélagi hefur framfært að mestu eða öllu leyti, njóta sama réttar, sem börnum og kjörbörnum er veittur hér að framan.

16. gr.

Nú lætur sjóðfélagi í lífanda lífi og af öðrum ástæðum en elli eða örorku af stöðu þeirri, er veitti honum aðgang að sjóðnum, og á hann þá rétt á að fá endurgreidd vaxtalaus iðgjöld þau, er hann hefur greitt í sjóðinn. Hafi hann verið sjóðfélagi í 10 ár, er hann lætur af stöðunni, getur hann valið um, hvort hann fær iðgjöld sín endurgreidd eða hann lætur þau standa inni í sjóðnum. Velji hann síðari kostinn, fellur niður skylda hans til að greiða framvegis iðgjöld til sjóðsins og réttur hans til örorkulífeyris. Ellilífeyrir hans og lífeyrir til eftirlátins maka miðast þá við starfstíma hans og meðallaun síðustu 10 starfsár hans samkvæmt 11. og 13. gr. Lífeyrir barna hans skal ákveðinn þannig, að full upphæð samkvæmt 15. gr. skal margfölduð með hlutfallinu milli þess ellilífeyris, sem hann hefur öðlzt rétt til, og þess ellilífeyris, sem hann hefði öðlzt rétt til, ef hann hefði gegnt starfinu til 65 ára aldurs.

Aldrei getur sjóðfélagi fengið endurgreidd iðgjöld sín samkvæmt þessari grein, fyrr en níu mánuðir eru liðnir frá því hann var síðast afskráður af togara, nema hann eigi lögheimili erlendis.

17. gr.

49

Nú flyzt starfsmaður, er verið hefur í lífeyrissjóði togarasjóðmanna, í starf, sem veitir aðgang að öðrum lífeyrissjóði, sem stofnaður er með lögum, og má þá endurgreiða með vöxtum öll iðgjöld, sem greidd hafa verið í sjóðinn hans vegna. Það er skilyrði fyrir þessari endurgreiðslu, að hún gangi til kaupa á lífeyrisréttindum fyrir viðkomandi mann í þeim sjóði, er hann flyzt til. Þó má aldrei endurgreiða hærri upphæð en þarf til þess að kaupa réttindi í hinum nýja sjóði, er svari til þess starfstíma, er sjóðfélaginn hafði öðlast.

Sjóðstjórninni er heimilt að nota sömu endurgreiðslureglu, þegar sjóðfélagi flyzt í annan sjóð, sem viðurkenndur er af fjármálaráðuneytinu, eða kaupir sér lífeyri hjá tryggingafélagi eða stofnun, sem starfar eftir reglum, er fjármálaráðuneytið samþykkir, enda gildi þar sömu reglur um endurkaup og greiðslu lífeyris og ákveðnar eru í lögum þessum.

18. gr.

Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð, er ráðherra staðfestir, en stjórn sjóðsins semur.

19. gr.

Óheimilt er að framselja eða veðsetja lífeyriskröfur samkvæmt lögum þessum, og ekki má leggja á þær löghald né gera í þeim fjárnám eða lögtak. Enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða kröfurnar á nokkurn hátt, og eigi má halda lífeyrisfé eftir til greiðslu opinberra gjalda.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Skipverji á togara, sem við gildistöku þessara laga er orðinn eldri en 55 ára, skal við 65 ára aldur eiga rétt til lífeyris og annarra bóta og réttinda, eins og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár og náð hefur 65 ára aldri. Haldi hann áfram á togara, eftir að hafa náð þeim aldri, fær hann aukin réttindi samkvæmt ákvæðum laganna.

Sá, sem við gildistöku laganna er orðinn 65 ára, er enn á togara og hefur verið það minnst 10 ár, skal strax fá réttindi þannig, að sá, sem er 65 ára, fær sömu réttindi og sá, sem greitt hefur til sjóðsins í 10 ár, 66 ára eins og sá, sem greitt hefur í 11 ár, 67 ára í 12 ár o. s. frv. Haldi hann áfram á togara, skal hann fá aukin réttindi, eins og að framan greinir. Starfsár á togara telst í þessu tilfelli það sama og ákveðið er í 11. gr. laganna.

Ríkissjóður endurgreiði sjóðnum árlega þann kostnað, sem af þessu bráðabirgðaákvæði leiðir.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

50

10. júní

L Ö G

um breyting á lögum nr. 30 24. marz 1956, um skráningu Íslendinga til stuðnings mannfræði- og ættfræðirannsóknnum hér á landi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 6. gr. laganna bætist:

Prestar þjóðkirkjunnar og prestar eða löggiltir forstöðumenn annarra trúfélaga hér á landi skulu skrá á sérstök eyðublöð, er þjóðskjalasafn lætur þeim í té, alla íslenzkra ríkisborgara, 15 ára og eldri, er látast í söfnuðum þeirra. Skulu eyðublöðin útfyllt nákvæmlega og send æviskrárritara í lok hvers árs.

Nú jarðsyngur annar en hlutaðeigandi prestur lík, og skal hann þá senda sóknarpresti ásamt dánarvottorði þær upplýsingar um hinn látna, sem krafizt er samkvæmt lögum þessum. Sóknarprestur skal í árslok gefa æviskrárritara skýrslu um alla þá, er skráðir eru látnir í kirkjubók hans á árinu, og sé þess þar jafnan getið, hver jarðsöng.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 10. júní 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi Þ. Gíslason.

51

28. maí

AUGLÝSING

um framlenging viðskiptasamnings milli Íslands og Frakklands.

Með erindaskiptum í Reykjavík 30. apríl 1958 var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 (Stj.tíð. A. 122/1951) framlengdur til 31. marz 1959.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi viðskiptum milli landanna á svipuðum grundvelli og verið hefur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 28. maí 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

L Ö G

52

12. júní

um breyting á sjúkrahúsalögum, nr. 93 31. des. 1953.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Úr ríkissjóði greiðist árlega styrkur til sjúkrahúsa sem hér segir:

1. Almennt sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga svo og einkasjúkrahús, sem áður hefur notið dagstyrkja úr ríkissjóði: 10 kr. á legudag.

2. Sjúkrahús bæjar-, sýslu- eða hreppsfélaga, sem að dómi landlæknis er vel búið tækjum og hefur a. m. k. tvo fastráðna lækna, yfirlækni og fyrsta aðstoðarlækni: 15 kr. á legudag.

3. Fjórðungssjúkrahús (sbr. 10. gr.): 25 kr. á legudag.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Gjört í Reykjavík, 12. júní 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

53

5. júní

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja áfengi, tóbak o. fl. á Keflavíkurflugvelli og Reykjavíkurflugvelli til farþega í framhaldsflugi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja á stofn á Keflavíkurflugvelli áfengisútsölu, er eingöngu selja áfengi til farþega og flugvélaáhafna í framhaldsflugi.

Áfengisverzlun ríkisins rekur útsölu þessa undir yfirstjórn utanríkisráðherra. Ráðherra ákveður verð áfengis, sem selt er með þessu móti, og setur, að fengnum tillögum áfengisvarnaráðs, nánari reglur um eftirlit með rekstrinum og þeim farþegum, sem við verzlunina skipta.

Ríkisstjórninni er einnig heimilt að setja á stofn sams konar útsölu á Reykjavíkurflugvelli, eftir að þar hefur verið byggð afgreiðslustöð til sameiginlegra afnota fyrir þau flugfélög, sem völlinn nota.

53

5. júní

2. gr.

Ríkisstjórnin getur heimilað útsölum þeim, sem um ræðir í 1. gr., að hafa einnig á boðstólum tóbak og hvers konar aðrar vörur, sem henta þykir, og gilda um þá verzlun reglur 1. gr., eftir því sem við á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 5. júní 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

Stjórnartíðindi 1958, A. 7.

54

29. ágúst

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að vegna gildistöku reglugerðar nr. 70 30. júní 1958, um fiskveiðilandhelgi Íslands, sem sett hefur verið samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega friðun fiskimiða landgrunnsins, beri brýna nauðsyn til að breyta lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, þannig að refsíákvæði laga nr. 5 18. maí 1920 gildi um brot gegn ákvæðum reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 70 30. júní 1958.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

1. gr. 1. mgr. laga nr. 5 18. maí 1920 orðist svo:

Í fiskveiðilandhelgi Íslands eins og hún er ákveðin í reglugerð nr. 70 30. júní 1958 skulu bannaðar vera fiskveiðar með botnvörpu og flotvörpu. Rétt er ráðherra að veita íslenzkum skipum undanþágu frá banni þessu, þó utan þeirra marka, sem sett voru í reglugerð nr. 21 19. marz 1952.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Nú er botnvörpuskip í fiskveiðilandhelgi og skulu þá veiðarfæri öll vera í búlka innanborðs.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. mgr. 1. gr. laga nr. 82 8. des. 1952, um breyting á lögum nr. 5 18. maí 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1958.

54

29. ágúst

*Gjört að Bessastöðum, 29. ágúst 1958.***Ásgeir Ásgeirsson.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.***AUGLÝSING**

55

10. júlí

**um samkomulag milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands
um vegabréf og áritanir á þau.**

Með erindaskiptum, dags. 29. maí og 14. september 1956, milli sendráðs Sambandslýðveldisins Þýskalands og utanríkisráðuneytisins, var gert samkomulag um að falla frá kröfu um vegabréf fyrir flugmenn og starfsmenn flugfélaga, sem hafa hér örstutta viðdvöl.

Þá var með erindaskiptum, dags. 21. júní og 14. september 1956, gert samkomulag um afnám vegabréfsáritana milli landanna, enda sé ekki um dvöl í atvinnuskyni að ræða er fari fram úr 3 mánuðum. Þurfi áritun á vegabréf skal hún veitt ókeypis.

Enn fremur var með erindaskiptum, dags. 31. marz og 9. apríl 1958, gert samkomulag um að afnám vegabréfsáritana skuli einnig taka til Berlínar.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 10. júlí 1958.***Guðm. Í. Guðmundsson.**

*Henrik Sv. Björnsson.***AUGLÝSING**

56

21. júlí

um framlengingu viðskiptasamkomulags milli Íslands og Svíþjóðar.

Hinn 30. júní 1958 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1958 til 31. marz 1959. Viðskiptasamkomulagið er óbreytt frá fyrra ári (Stj.tíð. A. 70/1957).

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, 21. júlí 1958.***Guðm. Í. Guðmundsson.**

Henrik Sv. Björnsson.

A 14

57
28. júlí

AUGLÝSING

um framlengingu viðskiptasamnings milli Íslands og Ísrael.

Með erindaskiptum milli sendiráða Íslands og Ísrael í Stokkhólmi, dags. 21. og 23. júní 1958, var viðskipta- og greiðslusamningur Íslands og Ísrael frá 18. maí 1953 (Stj.tíð. A. 60/1953) framlengdur óbreyttur til 18. maí 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 28. júlí 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

58
11. sept.

AUGLÝSING

um viðurkenningu Íslands á lögsögu Mannréttindadómstóls Evrópu.

Hinn 3. september 1958 var aðalritara Evrópuráðsins afhent yfirlýsing þess efnis, að Ísland skuldbindi sig til þess að viðurkenna lögsögu mannréttindadómstóls Evrópu.

Yfirlýsing þessi er gefin samkvæmt 46. gr. samnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis (sbr. Stj.tíð. 11/1954) og gildir til þriggja ára.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 11. september 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

59
13. sept.

AUGLÝSING

um samþykkt á starfsreglum Norðurlandaráðs.

Hinn 30. maí 1958 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um samþykkt á endurskoðuðum starfsreglum Norðurlandaráðs.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 13. september 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

Fylgiskjal.

59

13. sept.

Starfsreglur Norðurlandaráðs.

1. gr.

Norðurlandaráð er vettvangur fyrir þjóðþing Dana, ríkisþing Finna, Alþingi Íslendinga, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía og ríkisstjórnir þessara landa til þess að ráðgast um þau málefni, er varða samvinnu milli þessara landa eða einhverra þeirra.

2. gr.

Ráðið er skipað 69 kjörnum fulltrúum svo og fulltrúum ríkisstjórnanna.

Til þess tíma og með þeim hætti, sem ákveðið verður í hverju landi, kýs þjóðþing Dana, ríkisþing Finna, stórþing Norðmanna og ríkisþing Svía hvert um sig úr hópi þingmanna 16 fulltrúa í ráðið ásamt nægilegri tölu varamanna, og Alþingi Íslendinga úr hópi alþingismanna 5 fulltrúa í ráðið ásamt nægilegri tölu varamanna. Í deild hvers lands, þeirri sem kjörin er, skulu vera fulltrúar fyrir mismunandi stjórnmalastefnur.

Hver ríkisstjórn velur úr sínum hópi stjórnarfulltrúa, svo marga sem hún óskar.

3. gr.

Fulltrúar ríkisstjórnanna eiga ekki atkvæðisrétt í ráðinu.

4. gr.

Ráðið kemur saman einu sinni á ári á þeim tíma, sem það ákveður (aðalþing). Auk þess kemur ráðið saman, þegar það ákveður sjálft, eða þegar eigi færri en tvær ríkisstjórnir eða eigi færri en 25 kjörnir fulltrúar óska þess (aukaþing). Aðalþing skal háð í einhverri höfuðborg landanna, eftir því sem ráðið ákveður.

5. gr.

Ráðið kýs fyrir hvert aðalþing og fyrir tímabilið til næsta aðalþings úr hópi hinna kjörnu fulltrúa forseta og 4 varaforseta. Forseti og varaforsetar eru stjórnarnefnd ráðsins.

6. gr.

Þingfundir ráðsins eru háðir í heyranda hljóði, nema ráðið ákveði annað vegna sérstaks eðlis einhvers máls.

7. gr.

Til þess að undirbúa málin skal kjósa þingnefndir og aðrar nefndir. Geta þær nefndir einnig komið til funda milli þinga.

Á aðalþingum er hinum kjörnu fulltrúum skipt niður í fastanefndir til þess að undirbúa málin. Fastanefndir geta eftir ákvörðun stjórnarnefndar, þegar sérstaklega stendur á, átt með sér fundi milli þinga.

Kjósa má nefnd til þess að undirbúa tiltekið mál milli þinga.

8. gr.

Deild hvers lands ræður ritara og aðra starfsmenn. Eru þeir í störfum sínum og samvinnu sín í milli háðir leiðsögn stjórnarnefndar.

9. gr.

Sérhver ríkisstjórn og sérhver fulltrúi í ráðinu getur, með því að snúa sér skriflega til stjórnarnefndar, lagt mál fyrir ráðið. Stjórnarnefndin lætur semja þá greinargerð, sem hún telur nauðsynlega, og hún sendir skjöl málsins til ríkisstjórnanna og fulltrúanna með góðum fyrirvara áður en þing er háð.

59

13. sept.

Ráðið ræðir sameiginleg áhugamál landanna og getur samþykkt ályktanir til ríkisstjórnanna. Slíkum ályktunum skal fylgja greinargerð um það, hvernig hver fulltrúi hefur greitt atkvæði.

Um málefni, sem einungis varða tiltekin lönd, eiga ekki aðrir atkvæðisrétt en fulltrúar þeirra landa.

10. gr.

Ríkisstjórnirnar skulu tilkynna það ráðinu á hverju aðalþingi þess, hverjar ráðstafanir hafa verið gerðar í tilefni af ályktunum ráðsins.

12. gr.

Ráðið setur sér sjálft þingsköp.

13. gr.

Hvert land ber kostnað af þátttöku sinni í ráðinu.

Ráðið ákveður, hvernig sameiginlegum kostnaði skuli jafnað niður.

Starfsreglur þessar öðlast gildi 1. janúar 1958.

60

1. okt.

FORSETA BRÉF

um að reglulegt Alþingi 1958 skuli koma saman til fundar
föstudaginn 10. október 1958.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að reglulegt Alþingi 1958 skuli koma saman til fundar föstudaginn 10. október 1958.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur og verður þá Alþingi sett að lokinni guðsþjónustu í dómkirkjunni, er hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 1. október 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

L Ö G

6

13. nóv.

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

1. fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
2. utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
3. allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáráukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd starfar einnig milli þinga, og skal ráðuneytið ávallt bera undir hana utanríkismál, sem fyrir koma milli þinga. Til allsherjarnefndar skal vísa öðrum málum, sem sameinað þing ákveður.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 112 27. des. 1951, um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

Gjört að Bessastöðum, 13. nóvember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

AUGLÝSING

62

um framlenging viðskiptasamnings milli Íslands og Kúbu.

5. nóv.

Hinn 29. september 1958 var undirritaður í Washington samningur um að framlengja viðskiptasamning Íslands og Kúbu frá 3. október 1955 (Stj.tíð., A. 88/1956) til 3. október 1961.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 5. nóvember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

63

11. nív.

AUGLÝSING

um samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu.

Hinn 29. ágúst var undirritað í Reykjavík samkomulag um viðskipti milli Íslands og Tékkóslóvakíu á tímabilinu frá 1. september 1958 til 31. ágúst 1959. Samkomulag þetta er gert í samræmi við ákvæði viðskiptasamnings milli Íslands og Tékkóslóvakíu, sem undirritaður var í Prag hinn 1. október 1957 (Stj.tíð. A. 87/1957).

Þetta er almenningi hér með gert kunnugt.

Utánríkisráðuneytið, 11. nóvember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

64

26. nív.

L Ö G

um útflutning hrossa.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra. Útflutningur á fyrstu verðlauna kynbótahestum og öðrum hestum óvönuðum svo og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralæknis, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.

Á tímabilinu frá 1. október til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á eldrihrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir. Á tímabilinu frá 1. október til 1. desember er þó útflutningur hrossa heimill, enda séu þau flutt landa á milli í sérstökum viðurkenndum gripaflutningaskipum.

3. gr.

Áður en hross eru flutt úr landi, hvort heldur er til einstakra manna eða til sölu á erlendum markaði, skulu þau skoðuð á útflutningsstaðnum af dýralækni. Dýralæknir semji skrá yfir hin útfluttu hross í áframhaldandi töluröð og festi samtímis við hvert hross spjald, þar sem tilgreind er skrásetningartala þess, kynferði, aldur, litur og hæð. Embættisdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi skyldir til þess að annast skoðun á útflutningshrossum. Atvinnumálaráðherra ákveður þóknun fyrir skoðun hrossanna og eftirlit með útflutningnum, og greiðist hún úr ríkissjóði.

4. gr.

64

26. nóv.

Dýralækni er skylt að líta eftir og fullvissa sig um, að rúm það í skipunum, sem hestarnir eru fluttir í, sé nægilega stórt, loftgott, stíurnar traustar og að brynn-ingaráhöld séu hagkvæm og í góðu lagi, enn fremur að hrossunum sé ætlað nægilegt og gott vatn og fóður og að skipstjóri hafi til umráða nægilegan mannafla til þess að annast hirðingu hrossanna í skipinu. Á stíugólf og gangrúm, sem hross eru leidd um, skal strá hálmur eða sandi eða gera þau ósleip á annan hátt. Sjá skal fyrir góðri loftræstingu, þar sem hross eru höfð, og birtu, eftir því sem ástæður frekast leyfa.

5. gr.

Skylt er dýralækni að kyrrsetja og banna útflutning á hrossum, sem eru mögur og illa útlitandi, meidd, hölt, með mjög snúna hófa, áberandi skakka eða hnýttta fætur, áberandi bilun í fótum eða með öðrum verulegum lýtum og göllum.

6. gr.

Þeim, sem senda hross til útlanda, er skylt að tilkynna það dýralækni með nægum fyrirvara, enn fremur láta dýralækni í té næga aðstoð við skoðunina.

7. gr.

Dýralækni og skipstjóra er skylt að láta fylgja farmskrá skipsins vottorð um aldur, stærð, heilbrigði og útlit hrossanna á útskipunardegi, sbr. 3. gr.

8. gr.

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfir-dýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða liðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, sem settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og eru jafnframt úr gildi numin lög nr. 50/1932, um útflutning hrossa, og lög nr. 42/1958, um breyting á þeim lögum.

Gjört í Reykjavík, 26. nóvember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

65

5. des.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. Til viðbótar við innflutningsgjald af benzíni í a-lið 1. gr. laga nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal innheimta á árinu 1959 20 aurar af hverjum lítra, þar af skulu 5 aurar renna í brúasjóð og 5 aurar í sérstakan sjóð, sem varið verði til að gera akfæra þjóðvegi milli byggðarlaga.
 2. Bifreiðaskattur samkvæmt c.—e.-liðum 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 fyrir árið 1958, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1959, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1959, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
 3. Á árinu 1959 skal innheimta innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laga nr. 68 frá 1949 með 6 — sex — krónum af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar.
- Álögin á innflutningsgjöldin af benzíni, hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Gjört í Reykjavík, 5. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

66

5. des.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting á lögum nr. 90 1954, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

- Á árinu 1959 skal innheimta:
- A. Vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 90/1954, um tollskrá o. fl., með þessum hækkunum:
 - a. Af benzíni, öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað 1 eyris.

b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr. 66

B. Verðtoll samkvæmt sömu lögum með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í 2. gr. 5. des.

Á árinu 1959 skal innheimta og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkvæmt tollskrá og hækkunum samkvæmt þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tolleftirlit, frestað til ársloka 1959.

2. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A.- og B-lið 1. gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkaflí	9 nr. 1—2,	kaffi, óbrennt, eða brennt og malað.
—	10 — 1—7,	korn, ómalað.
—	11 — 1—12,	mjöl og grjón.
—	17 — 1—6,	sykur.
—	22 — 6—38,	drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 — 1—9,	tóbak.
—	25 — 10,	salt.
—	27 — 1—4,	kol.
—	27 — 14,	steinolía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt 1. gr.

3. gr.

Á árinu 1959 skal heimilt að fella niður aðflutningsgjöld af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1959.

Gjört á Bessastöðum, 5. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

67

10. des.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta skemmtanaskatt með viðauka árið 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal árið 1959 heimilt að innheimta af kvikmyndasýningum með 200% álagi og af öðrum skemmtunum með 20% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álaginu, svo og sýningar á islenzkum kvikmyndum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 10. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

68

16. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk þeirrar hækkunar á bótum samkvæmt almannatryggingalögum, sem ákveðin hefur verið með lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl., skulu bótafjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 13., 14., 15., 17., 18., 21., 23., 37. og 38. gr. laganna, hækka frá og með 1. september 1958 um 9½%.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

69

23. des.

um breyting á lögum nr. 33 29. maí 1958, um útflutningssjóð o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. málsgr. 53. gr. orðist svo:

Frá 1. júní 1958 skulu bótaupphæðir þær, sem ákveðnar eru í II. kafla laga nr. 24/1956, um almannatryggingar, svo og í 36., 37., 38. og 39. gr. sömu laga, hækka um 5%. Frá sama tíma skal lágmark sjúkradagpeninga samkv. 53. gr. svo og hámark 3 mánaða fæðingarstyrks samkv. 84. gr. sömu laga hækka um 5%. Sama gildir um bætur samkv. lögum nr. 29/1956, um atvinnuleysistryggingar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

70

15. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld 1959 með viðauka.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1959 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- Með 100% viðauka vitagjald, samkv. lögum nr. 17 11. júlí 1911 og síðari lögum um breyting á þeim lögum.
- Með 140% viðauka stimpilgjald, lestagjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- Með 200% viðauka gjöld samkv. IX. kafla laga nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, að undanskildum gjöldum samkv. 58. gr. laganna.
- Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

70

15. des.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

71

23. des.

L Ö G

um framlenging á gildi III. kafla laga nr. 100 1948, um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ákvæðin um tekjuöflun, sem sett eru í III. kafla laga nr. 100/1948 og 2.—5. gr. laga nr. 112/1950, skulu gilda til 31. des. 1959 með þeim breytingum, sem greinir í 2. og 3. gr. hér á eftir.

2. gr.

Í stað 2. og 3. málsl. 1. málsgr. 21. gr. laga nr. 100/1948 komi: Heildsala er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr., en til heildsölu telst ekki sala eða afhending fyrirtækja á eigin framleiðslu. Einnig er undanþegin söluskatti samkv. 22. gr. umboðspóknun fyrir að útvega vörur frá útlöndum.

3. gr.

22. gr. laganna orðist þannig:

Af sölu og annarri veltu atvinnufyrirtækja og annarra skattskyldra aðila skal greiða söluskatt samkvæmt eftirfarandi reglum:

- a. Af sölu eða afhendingu smásala eða smásölufyrirtækja, þar með talin pöntunarfélög, skal ekki greiða söluskatt, enda hafi aðilar þessir, eða aðilar í félagi eða í sambandi við þá, ekki framleitt eða unnið að vörum þeim, sem þeir selja eða láta af hendi.
- b. Greiða skal 3% söluskatt af annarri sölu eða veltu, þar með talin umboðssala, sala eða afhending, vinna og þjónusta látin í té af iðnaðarmönnum og iðnfyrirtækjum, matsölu, veitinga- og gistihúsum, sýningar í kvikmyndahúsum, leikhúsum, flutningastarfsemi, lausafjárleiga og þess háttar.

Af sölu bóksala á bókum í umboðssölu skal þó aðeins greiða skattinn af umboðspóknun hans. Í öðrum umboðssöluviðskiptum skal smásali eða annar umboðssali greiða söluskatt af öllu heildarandvirði varanna frá sér.

Nú kaupir innlendir iðnaðarmaður eða framleiðandi eða fær afhenta vöru til framleiðslu sinnar frá öðrum innlendum iðnaðarmanni eða framleiðanda, sem búið

hefur vöruna til eða unnið að henni, og í viðskiptum þeirra er söluskatti bætt við verð eða verðmæti vörunnar, og skal þá endurgreiða söluskattinn vegna þessara viðskipta eftir nánari reglum, settum af fjármálaráðherra. Sama gildir um aðvinnslu á vörum, sem innlendur iðnaðarmaður eða framleiðandi fær annan innlendan iðnaðarmann eða framleiðanda til að gera á framleiðsluvöru sinni.

Söluskattur vegna viðskipta miðast við heildarandvirði vöru án frádráttar nokkurs annars kostnaðar en söluskatts þess, er verið er að leggja á, greiða og halda eftir, og án tillits til þess, í hverju greiðsla er fólgin, og þótt um sé að ræða skipti gegn vöru eða þjónustu. Sé um að ræða skipti á vörum og þjónustu, afhendingu vara án endurgjalds, úttekt eiganda úr eigin fyrirtæki eða ef greitt er í vörum eða í þjónustu, skal miða við almennt gangverð í sams konar viðskiptum. Komi upp ágreiningur um það, hvað sé almennt gangverð í viðskiptum af þessu tagi eða hvort um sams konar viðskipti sé að ræða, sker ríkisskattanefnd úr þeim ágreiningi til fullnaðar.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Gjört í Reykjavík, 23. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

AUGLÝSING

um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

72

23. des.

Eftir tillögu forsætisráðherra og samkvæmt 15. gr. stjórnarskrárinnar hefur forseti Íslands í dag sett eftirfarandi ákvæði um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.:

- I. Forsætisráðherra Emil Jónsson. Undir hann heyra eftirgreind mál: Stjórnarskráin, mál, er varða forsetaembættið, Alþingi, nema að því leyti sem öðruvísi er ákveðið, almenn ákvæði um framkvæmdastjórn ríkisins, skipun ráðherra og lausn, forsæti ráðuneytisins, skipting starfa ráðherranna, mál, er varða stjórnarráðið í heild, hin íslenska fálkaorða og önnur heiðursmerki. Þingvallanefnd og mál varðandi meðferð Þingvalla. Ríkisbúið á Bessastöðum. Samgöngumál, þ. á m. veða-, brúa-, vita- og hafnamál, strandferðir, flugmál, þ. á m. flugvallarekstur. Póst-, síma- og loftskýtamál. Sjávarútvegsmál, þar undir Fiskifélagið, Fiskimálasjóður og Fiskveiðasjóður Íslands, síldarútvegsmál (síldarverksmiðjur og síldarútvegsmál), sjávarvöruiðnaður og útflutningur sjávarafurða. Almenn siglingamál, þar undir atvinna við siglingar. Skipaskoðun ríkisins, Eimskipafélag Íslands h.f. Önnur atvinnumál, sem ekki eru sérstaklega í úrskurði þessum falin öðrum ráðherrum. Enn fremur rafmagnsmál, þ. á m. rafmagnsveitur ríkisins og rafmagnseftirlit, vatnamál, þar undir sérleyfi til vatnsorkunotkunar, jarðboranir eftir heitu vatni og gufu. Nápurekstur.
- II. Ráðherra Friðjón Skarphéðinsson. Undir hann heyrir dómaskipan, dómsmál, þar undir framkvæmd refsidóma, hegninga- og fangahús, tillögur um náðun, veiting réttarfarslegra leyfisbréfa, málflutningsmenn, lögreglumálefni, þ. á m.

72

23. des.

gæzla landhelginnar, áfengismál, strandmál, sífjaréttarmál, erfðaréttarmál, persónuréttarmál, eignaréttarmál, yfirfjárráðamál, lög um kosningar til Alþingis og kjördæmaskipting, umsjón með framkvæmd alþingiskosninga, ríkisborgararéttur, útgáfa Stjórnartíðinda og Lögbirtingablaðs, húsameistari ríkisins. Kirkjumál. Landbúnaðarmál, þ. á m. útflutningur landbúnaðarafurða, ræktunarmál, þ. á m. skógræktarmál og sandgræðslumál, búnaðarfélög, dýralækningamál, þjóðjarðamál. Félagsmál, almannatryggingar, atvinnubótamál, atvinnuleysistryggingar, Brunabótafélag Íslands, vinnudeilur, sveitarstjórnar- og framfærslumál. Barnaheimili. Félagsdómur. Almenn styrktarstarfsemi, þar undir styrkveitingar til berkla sjúklinga og annarra sjúklinga, sem haldnir eru langvinnum sjúkdómum, sjúkrasjóðir, ellistyrktarsjóðir, öryrkjasjóðir, slysatryggingasjóðir, lífsábyrgðarsjóðir og aðrir tryggingasjóðir, nema sérstaklega séu undan teknir. Húsnæðismál, þar undir byggingarfélag. Mælitækja- og vogaráhaldamál. Heilbrigðismál, þar undir sjúkrahús og heilsuhæli.

III. **Ráðherra Guðmundur Í. Guðmundsson.** Undir hann heyra utanríkismál, framkvæmd varnarsamningsins, þ. á m. lögreglumál, dómsmál, tollamál, póst- og símamál, flugmál, radarstöðvarnar, heilbrigðismál, félagsmál og önnur þau mál, er leiða af dvöl hins erlenda varnarliðs í landinu. Gildir þetta um varnarsvæðin og mörk þeirra. Veðurstofan. Fjármál ríkisins, þar undir skattamál, tollamál og önnur mál, er varða tekjur ríkissjóðs, svo sem ef verzlun er rekin til að afla ríkissjóði tekna, undirskrift ríkisskuldabréfa, fjárlög, fjáráukalög og reikningskil ríkissjóðs, hin umboðslega endurskoðun, embættisveð. Eftirlit með innheimtumönnum ríkisins, laun embættismanna, eftirlaun, lífeyrir embættismanna og ekkna þeirra, peningamál, þar undir peningaslátta. Yfirleitt fer þessi ráðherra með öll þau mál, er varða fjárhag ríkisins eða landsins í heild, nema þau eftir eðli sínu eða sérstöku ákvæði heyri undir annan ráðherra. Hagstofan. Mæling og skrásetning skipa.

IV. **Ráðherra dr. Gylfi Þ. Gíslason.** Undir hann heyra menntamál, þar undir skólar, útvarpsmál og viðtækjaverzlun. Menntamálaráð Íslands, Þjóðleikhús og önnur leiklistarmál, tónlistarmál, kvikmyndamál, söfn og aðrar menningarstofnanir, sem reknar eru eða styrktar af ríkinu. Atvinnudeild háskólans, Rannsóknarráð ríkisins. Önnur mál, er varða vísindi og listir. Barnaverndarmál. Skemmtanaskattur. Félagsheimilassjóður. Íþróttamál. Bókasöfn og lestrarfélög. Iðju- og iðnaðarmál, þar undir Iðnaðarmálastofnun Íslands, útflutningur iðnaðarvara, Sementsverksmiðja ríkisins, Áburðarverksmiðjan h.f., Landssmiðjan, iðnskólar, iðnaðarnám, iðnfélög, öryggiseftirlit. Einkaleyfi. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg. Efnahagssamvinnan (OEEC), alþjóðafjármálastofnanir og erlend tækniáðstoð. Bankamál. Viðskiptamál, þar undir innflutningsverzlun og gjaldeyrismál. Innkaupastofnun ríkisins. Ferðaskrifstofa ríkisins.

Ráðherrafundi skal halda um nýmæli í lögum og mikilvæg stjórnarmálefni. Svo skal og ráðherrafundi halda, ef einhver ráðherra æskir að bera þar upp mál. Með úrskurði þessum er úr gildi felldur forsetaúrskurður frá 24. júlí 1956, um skipun og skipting starfa ráðherra o. fl.

Þetta birtist hér með öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Forsætisráðuneytið, 23. desember 1958.

Emil Jónsson.

Birgir Thorlacius

L Ö G

73

29. des.

um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Til 1. febrúar 1959 er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til bráðabirgða, í samræmi við ákvæði fjárlaga fyrir árið 1958, öll venjuleg rekstrargjöld ríkisins og önnur gjöld, er talizt geta til venjulegra fastra greiðslna þess, þótt ákveðin séu og heimiluð til eins árs í senn.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1959.

Gjört að Bessastöðum, 29. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Guðm. Í. Guðmundsson.

L Ö G

74

30. des.

um breyting á lögum nr. 24 29. marz 1956, um almannatryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra er heimilt að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginganna á árinu 1959, samkvæmt 24. og 25. grein laganna, þar til fjárlög fyrir árið 1959 hafa verið sett.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 30. desember 1958.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Friðjón Skarphéðinsson.

75

30. des.

AUGLÝSING

um fullgildingu alþjóðapóstsamninga.

Hinn 21. október 1958 undirritaði forseti Íslands fullgildingarskjal varðandi alþjóðapóstsamninga þá, sem undirritaðir voru fyrir Íslands hönd í Ottawa 3. október 1958. Samningarnir, sem pósthjónin hefur gefið út í islenzkri þýðingu, eru þessir:

1. a. Alþjóðapóstsamningur.
b. Lokabókun alþjóðapóstsamningsins.
c. Viðbætur A og B við alþjóðapóstsamninginn, samkomulag milli Hinna sameinuðu þjóða og Alþjóðapóstsamningsins.
d. Starfsreglugerð alþjóðapóstsamningsins.
e. Ákvæði um flugpóst.
f. Lokabókun ákvæðanna um flugpóst.
2. a. Samningur um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
b. Lokabókun samningsins.
c. Starfsreglugerð samningsins um bréf og öskjur með tilgreindu verði.
3. a. Samningur um pósthöggla.
b. Lokabókun samningsins.
c. Starfsreglugerð pósthögglasamningsins.
d. Lokabókun reglugerðarinnar.
4. a. Samningur um póstaðvísanir og ferðapóstaðvísanir.
b. Starfsreglugerð póstaðvísanasamningsins.
5. a. Samningur um póströfusendingar.
b. Starfsreglugerð póströfusamningsins.
6. a. Samningur um pósthéimtusamninginn.
b. Starfsreglugerð pósthéimtusamningsins.

Fullgildingarskjal Íslands var skrásett í kanadíska utanríkisráðuneytinu hinn 27. nóvember 1958 og ganga tæðir samningar í gildi hinn 1. apríl 1959.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 30. desember 1958.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Henrik Sv. Björnsson.

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á reglugerð fyrir Háskóla Íslands.

76

17. júní

Forseti Íslands hefur í dag samkvæmt ákvæðum 42. gr. laga nr. 60/1957 staðfest eftirfarandi reglugerð fyrir Háskóla Íslands:

I. KAFLI

Hlutverk Háskóla Íslands.

1. gr.

Háskóli Íslands skal vera vísindaleg rannsóknarstofnun og vísindaleg fræðslustofnun, er veiti nemendum sínum menntun til þess að gegna ýmsum embættum og störfum í þjóðfélaginu og til þess að sinna sjálfstætt vísindalegum verkefnum.

II. KAFLI

Stjórn háskólans.

a. Almenn ákvæði um starfssvið rektors og háskólaráðs.

2. gr.

Stjórn háskólans er falin rektor háskólans og háskólaráði.

Rektor hefur eftirlit með daglegri starfsemi háskólans og er æðsti fulltrúi skólans gagnvart mönnum og stofnunum utan skólans. Hann leysir úr þeim málum, sem þurfa ekki að koma fyrir háskólaráð, háskóladeildir eða stjórnarvöld af laganaúðsyn eða samkvæmt venju. Rektor hefur með sama fyrirvara umboð til að skuldbinda háskólann og háskólastofnanir fjárhagslega. Honum er skylt að hlutast til um framkvæmd á samþykktum háskólaráðs og háskóladeilda og þeim ákvörðunum stjórnarvalda, er varða háskólann.

Háskólaráð hefur úrskurðarvald í málefnum háskólans og háskólastofnana, svo sem lög mæla og nánar segir í reglugerðum.

Háskólinn á stjórnarfarslega undir menntamálaráðherra.

b. Um rektorskjör.

3. gr.

Rektor er kosinn af prófessorum háskólans til þriggja ára í senn, og eru þeir einir kjörgengir.

Rektorskosning er skrifleg og fer fram 14. maí eða næsta virkan dag, en rektor tekur við störfum með byrjun háskólaárs.

Nú hefur kennari lögmat forföll, og er honum þá heimilt að kjósa bréflega. Skal hann geta þess, hvernig hann óskar að greiða atkvæði í annarri kosningarumferð, ella er atkvæði hans aðeins gilt í fyrstu umferð.

4. gr.

Sá er rétt kjörinn rektor, sem hlotið hefur atkvæði meiri hluta atkvæðisbærra manna, enda hafi minnst tveir þriðju hlutar þeirra, sem atkvæðisrétt eiga, tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Ef enginn fær svo mörg atkvæði, skal kjósa af nýju um þá tvo eða fleiri, er flest atkvæði fengu, og er þá sá rétt kjörinn, sem flest atkvæði fær, enda þótt tveir þriðju hlutar atkvæðisbærra manna hafi þá ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslu. Séu atkvæði jöfn, ræður hlutkesti.

76 Kjörgengum háskólakennara er skylt að taka við rektorskjöri, nema sérstök
17. júní atvik hamli. Nú skorast sá, sem kjörinn hefur verið rektor, undan því að taka við
kjöri, og metur þá háskólaráð, hvort fallizt verði á afstöðu hans. Ef háskólaráð
fellst á sjónarmið hins nýkjörna rektors, skal efna hið fyrsta til nýrrar rektors-
kosningar.

Rektor má endurkjósa, en honum er ekki skylt að taka við endurkjöri.

Skýra skal menntamálaráðuneyti frá úrslitum rektorskjörs, og birtir ráðuneytið
úrslitin.

5. gr.

Ef rektor forfallast um stundarsakir, gegnir varaforseti háskólaráðs (vara-
rektor) störfum hans.

Nú fellur rektor frá eða lætur af störfum, áður en kjörtímabil hans er liðið,
og skal þá kjósa nýjan rektor, svo fljótt sem því verður komið við, en varaforseti
háskólaráðs gegni rektorstörfum þangað til. Ef varaforseti er forfallaður, gegni
sá deildarforseti rektorstörfum, sem lengst hefur haft á hendi kennaraembætti við
háskólann. Hinn nýkjörni rektor er kosinn til þriggja ára, en það, sem eftir er
háskólaárs, er hann tekur við, skal teljast eitt ár.

c. Háskólaráð, skipan þess, starfssvið og starfshættir.

6. gr.

Rektor og forsetar háskóladeildanna skipa háskólaráð. Rektor er sjálfkjörinn
forseti ráðsins, en varaforseta og ritara kys ráðið úr sínum hópi til eins árs í senn
á fyrsta fundi sínum.

Deildarforseta er skylt að sækja fundi háskólaráðs. Nú má deildarforseti ekki
sækja fund vegna forfalla eða hann er vanhæfur til að taka þátt í úrlausn máls,
og tekur þá sá kennari, sem kosinn hefur verið deildarforseti til vara, sbr. 18. gr.,
sæti hans í ráðinu. Ef þess manns nýtur ekki, kveður rektor til fundarsetu þann
prófessor úr deild þeirri, sem í hlut á, er lengst hefur gegnt kennaraembætti í deild-
inni. Sömu reglur gilda, er deildarforseti gegnir rektorstörfum í viðlögum, sbr. 5. gr.

Deildarforseta er skylt að gera grein fyrir afstöðu deildar sinnar í málum, sem
koma fyrir háskólaráð og deildin hefur fjallað um, en eigi er honum skylt að fara
eftir samþykkt deildar, er hann neytir atkvæðisréttar í háskólaráði.

7. gr.

Ávallt er háskólaráð ræðir mál, sem varða stúdenta háskólans almennt, skulu
stúdentar eiga einn fulltrúa á fundi háskólaráðs. Hefur fulltrúinn þar málfrelsi og
atkvæðisrétt.

Stúdentaráð nefnir til einn mann úr hópi háskólastúdenta og annan til vara
til setu á fundum háskólaráðs samkvæmt 1. málsgrein. Tilnefning þessi fer fram
í maímánuði ár hvert, en fulltrúinn tekur sæti í háskólaráði með byrjun háskólaárs.

Fulltrúa stúdenta er skylt að gera grein fyrir afstöðu stúdentaráðs í málum,
sem það hefur fjallað um og koma fyrir háskólaráð, en eigi er honum skylt að
fara eftir samþykkt stúdentaráðs, er hann neytir atkvæðisréttar síns í háskólaráði.

Háskólaráð sker úr því hverju sinni, hvort tiltekið mál, sem til umræðu er í
háskólaráði, sé þess konar, að fulltrúi háskólastúdenta eigi að taka þátt í úrlausn
þess.

Fulltrúi stúdenta er þagnarskyldur um það, sem gerist á fundum háskólaráðs,
með sama hætti og aðrir háskólaráðsmenn. Háskólaráð getur þó leyft honum að
skýra stúdentaráði frá einstökum málum og afgreiðslu þeirra.

8. gr.

76

Háskólaráð heldur fundi eftir þörfum. Æski tveir menn úr háskólaráði fundar, er rektor skylt að boða til fundar, svo og ef einn þriðji hluti prófessora háskólans æskir fundar. Nú er fundur boðaður að frumkvæði kennara, sem eiga ekki sæti í ráðinu, og er þeim þá rétt að senda fulltrúa, einn eða fleiri eftir ákvörðun rektors, á fundinn. Hafa slíkir fulltrúar málfrelsi á fundinum, en atkvæðisrétt eiga þeir ekki.

Fundi skal boða bréflaga og með þriggja daga fyrirvara, ef við verður komið. Dagskrá skal greind í fundarboði. Fundi skal jafnaðarlega halda á föstudögum.

Háskólaráð er ekki ályktunarfært, nema tveir þriðju hlutar háskólaráðsmanna sæki fund hið fæsta. Afl atkvæði ræður úrslitum mála. Ef atkvæði eru jöfn, sker atkvæði rektors úr eða þess, er gegnir forsetastörfum.

Bókfæra skal gerðir háskólaráðs, og gegnir háskólaritari störfum fundarritara.

9. gr.

Háskólaráð fer með undirbúning þeirra mála, sem leggja á fyrir Alþingi og stjórnarvöld. Það lætur þessum aðilum í té allar upplýsingar, sem þeir þurfa á að halda og varða háskólann sérstaklega.

Áður en lögum, er snerta háskólann eða háskólastofnanir, verður breytt eða við þau aukið, skal leita umsagnar háskólaráðs um breytingar eða viðauka, svo og um nýmæli. Nú varðar málefni sérstaklega tiltekna deild, og skal háskólaráð þá leita álits deildarinnar, áður en það lætur uppi umsögn sína.

10. gr.

Rektor eða háskólaráð geta boðað til almenns kennarafundar til umræðna um einstök málefni háskólans eða stofnana hans. Nú æskir einn þriðji hluti prófessora, dósentar og lektora fundar, og er rektor þá skylt að boða til hans. Allir kennarar háskólans eiga rétt á að sækja almenna kennarafundi og njóta atkvæðisréttar þar.

Boða skal til fundar bréflaga og með tveggja daga fyrirvara hið skemmsta, ef auðið er.

Ályktanir kennarafunda eru ekki bindandi fyrir háskólaráð.

d. *Um háskólaritara o. fl.*

11. gr.

Menntamálaráðherra skipar ritara við háskólann að fengnum tillögum háskólaráðs, en háskólaráð ræður annað starfslið í skrifstofu skólans. Háskólaritari hefur á hendi skrifstofustjórn og hefur umsjón með sjóðum háskólans og öðrum fjárreiðum undir yfirstjórn rektors og háskólaráðs. Hann skrásetur nýja stúdenta og gerir stúdentaskrá. Hann sér um útgáfu árbókar háskólans, sbr. 12. gr., og útgáfu kennsluskrár fyrir hvert kennslumisseri, sbr. 22. gr. Hann veitir og upplýsingar um starfsemi skólans. Fyllri ákvæði má setja í erindisbréfi.

Háskólaráð ræður umsjónarmann með byggingum háskólans og innanstokksmunum og setur honum erindisbréf.

Um starfslið háskólabókasafns segir í 81. gr., en um starfslið annarra stofnana háskólans og fyrirtækja fer eftir því, sem segir í lögum eða samþykktum þeirra, sbr. og 80. gr.

12. gr.

Í árbók háskólans skal vera stúdenta- og kennaratal, skýrsla um starfsemi háskólans, um söfn hans og sjóði og um ráðstöfun á því fé, sem háskólinn hefur haft til umráða.

III. KAFLI

Háskólakennarar og háskóladeildir.

a. *Deildir háskólans.*

13. gr.

Í Háskóla Íslands eru þessar 5 deildir: guðfræðideild, læknadeild, laga- og viðskiptadeild, heimspekideild og verkfræðideild. Þá skal og starfa við Háskóla Íslands rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, er nefnist atvinnudeild háskólans. Viðskiptadeild skal verða sjálfstæð deild, þegar þrjú föst kennaraembætti hafa verið stofnuð í viðskiptafræðum.

b. *Kennarar háskólans og veiting kennaraembætta.*

14. gr.

Kennarar háskólans eru prófessorar, dósentar, lektorar, aukakennarar, aðstoðarkennarar og erlendir sendikennarar. Dósentar eru skipaðir til ótiltekins tíma, en lektorar eru ráðnir til tveggja ára hið skemmsta, og taka þeir mánaðar- eða árslaun. Aukakennarar og aðstoðarkennarar eru ráðnir til skemmri tíma og eru stundakennarar. Þegar nýr kennari, sem ekki er prófessor, ræðst til háskólans, skal taka fram, hvort hann sé dósent, lektor, aukakennari eða aðstoðarkennari. Menntamálaráðherra ákveður í samráði við háskólaráð, hverjir af kennurum háskólans, sem starfandi voru við gildistöku háskólalaganna nr. 60/1957, séu dósentar, lektorar, aukakennarar og aðstoðarkennarar.

15. gr.

Forseti Íslands skipar prófessora, menntamálaráðherra skipar dósentar að fengnum tillögum háskóladeildar, en háskólaráð ræður lektora, aukakennara og aðstoðarkennara samkvæmt tillögum háskóladeilda, eftir því sem fé er veitt til.

16. gr.

Nú verður prófessorsembætti laust, og skal þá auglýsa það til umsóknar hið fyrsta, og skal umsóknarfrestur venjulega vera 4 vikur.

Umsækjendur um prófessorsembætti skulu láta fylgja umsókn sinni ítarlega skýrslu um vísindastörf þau, er þeir hafa unnið, ritsmíðar og rannsóknir, svo og námsferil sinn og störf. Með umsókninni skulu send eintök af vísindalegum ritum og ritgerðum umsækjenda, prentuðum og óprentuðum.

Skipa skal hverju sinni þriggja manna nefnd til þess að dæma um hæfni umsækjenda til að gegna embættinu. Háskólaráð skipar einn nefndarmann, menntamálaráðherra annan, en deild sú, sem kennarinn á að starfa við, hinn þriðja, og er hann formaður nefndarinnar. Í nefnd þessa má skipa þá eina, sem eru kunnáttumenn í þeirri grein, sem umsækjendum er ætlað að kenna. Heimilt er að kveðja erlenda menn til starfa í dómnefnd.

Dómnefnd skal hraða störfum sínum eftir föngum, og skal hún að jafnaði hafa lokið störfum sínum innan tveggja mánaða frá því, er hún var skipuð. Dómnefnd skal láta uppi rökstutt álit um það, hvort af vísindagildi rita umsækjanda og rannsókna, svo og námsferli hans og störfum megi ráða, að hann sé hæfur til að gegna embættinu. Álitsgerð nefndarinnar skal höfð til hliðsjónar, er embættið er veitt, og má engum manni veita prófessorsembætti við háskólann, nema meiri hluti nefndarinnar hafi látið í ljós það álit, að hann sé hæfur til þess. Enn fremur skal leita álits hlutaðeigandi háskóladeildar um umsækjendur.

Framangreind ákvæði um veitingu prófessorsembættis skulu einnig gilda um skipun dósentar og sérfræðinga við háskólastofnanir. Vikja má þó frá þessu við

einstaka starfsveitingu samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs. 76

17. júní

17. gr.

Þegar sérstaklega stendur á, getur menntamálaráðherra, samkvæmt tillögu háskóladeildar og með samþykki háskólaráðs, boðið vísindamanni að taka við kennaraembætti við háskólann, án þess að það sé auglýst laust til umsóknar.

Menntamálaráðherra skal heimilt, samkvæmt tillögu háskóladeildar, að auglýsa kennaraembætti laust til umsóknar, svo að embættið verði veitt ári áður en hann nýskipaði kennari hefur kennslu sína. Kveða skal á um það hverju sinni, frá hvaða tíma launagreiðslur hins nýskipaða kennara hefjist.

c. Háskóladeildir og störf þeirra.

18. gr.

Hver háskóladeild velur úr hópi prófessora deildarinnar deildarforseta og annan til vara. Deildarforseti á sæti í háskólaráði, en varaforseti tekur sæti hans þar eftir reglum 6. gr.

Deildarforseta og varaforseta skal kjósa til tveggja ára í senn. Kosning er skrifleg og fer fram í maímánuði, en hinn kjörni deildarforseti tekur við störfum með byrjun næsta kennsluárs. Kjörtímabil þriggja þeirra deildarforseta og varaforseta, sem kjörnir verða í maímánuði 1958, skal vera eitt ár, og skal hluta um það, eftir að deildarforsetar hafa verið kjörnir, hverjir þeirra skulu gegna störfum eitt ár og hverjir tvö.

Kjörgengum kennurum er skylt að taka við kosningu til deildarforsetastarfa og til starfa varadeildarforseta. Endurkjósa má deildarforseta, en rétt hefur hann til að skorast undan endurkjöri. Sá, sem gegnt hefur embætti rektors, getur og skorast undan kjöri til deildarforsetastarfa næsta kjörtímabil eftir að hann lét af rektorstörfum. Nú fellur deildarforseti frá eða lætur af störfum, og skal þá kjósa deildarforseta og varaforseta fyrir þann hluta kjörtímabils, sem eftir er.

19. gr.

Hver háskóladeild heldur fund eftir þörfum, en skylt er að boða til fundar, ef rektor eða þriðjungur deildarmanna, sem rétt eiga á fundarsetu, æskja þess.

Deildarforseti boðar fundi bréflega og með þriggja daga fyrirvara, ef unnt er, en einstakar háskóladeildir geta þó ákveðið annan hátt á fundarboðun. Fundarefni skal greina í fundarboði.

Deildarfundur er ályktunarfær, ef fund sækja eigi færri en helmingur prófessora deildarinnar. Nú eru atkvæði jöfn, og ræður þá atkvæði deildarforseta eða þess, er gegnir forsetastörfum.

Nú má deildarkennari, sem á setu á deildarfundi, ekki sækja fund vegna forfalla, og er honum þá heimilt að gera bréflega grein fyrir atkvæði sínu í tilteknu máli.

Gerðir deildarfunda skulu bókfærðar, og skal lesa fundargerð og staðfesta hana, áður en fundi er slitið.

20. gr.

Á deildarfundum eiga sæti prófessorar deildar og forstöðumenn vísindastofnana, er lúta deildinni. Háskóladeild er heimilt að ákveða, að dósentar og lektorar megi sitja deildarfundi og hafa þar atkvæðisrétt. Um fundarsetu staðgengla fer eftir því, sem segir í 28. gr. 2. málsg. en um fundarsetu stúdenta fer samkvæmt 21. gr.

Nú er fjallað sérstaklega um kennslugreinar dósenta, lektora, aukakennara, aðstoðarkennara eða erlendra sendikennara, og skal forseti þá boða kennara á deild-

76 arfund og gefa þeim kost á að ræða það málefni, en atkvæðisrétt eigi þeir ekki, sbr. 17. júní þó 1. málsgrein, að því er varðar dósenta og lektora.

Rektor er heimilt að taka þátt í meðferð mála í öllum deildum, en atkvæðisrétt á hann þó aðeins í sinni deild.

21. gr.

Nú er mál til umræðu á deildarfundum, sem varðar nemendur deildarinnar almennt, og skal deildarforseti þá kveðja á fundinn fulltrúa nemenda, einn eða fleiri, er stjórn deildarfélags nefnir til. Hafa fulltrúarnir þar málfrelsi, en eiga ekki atkvæðisrétt.

Stjórn deildarfélags nefnir til einn mann úr hópi stúdenta deildarinnar og annan til vara til setu á deildarfundum samkvæmt 1. málsg. Í laga- og viðskiptadeild nefnir stjórn í félagi laganema og félagi viðskiptafræðinema hvor um sig sjálfstætt til menn samkvæmt 1. málslið. Heimilt er að beita sömu reglu að sínu leyti um tannlæknastúdenta og stúdenta, sem leggja stund á lyfjafræði lyfsala, svo og um stúdenta, er stunda nám til B.A.-prófa eftir því, sem nánar verður kveðið á í samþykktum þeirra háskóladeilda, sem í hlut eiga. Nú er deildarfélagi ekki til að dreifa, og boðar deildarforseti þá til almenns fundar þeirra stúdenta, sem nefna eiga til fulltrúa, og skulu fulltrúar samkv. 1. málslið kosnir á þeim fundi.

Tilnefning fer fram í aprilmánuði ár hvert, en tekur gildi með byrjun næsta háskólaárs. Stjórn deildarfélags tilkynnir deildarforseta tilnefningu fulltrúa síns. Deildarforseti boðar fulltrúa stúdenta, þegar því er að skipta, á fund með sama hætti og aðra þá, er fund sækja, sbr. 19. gr., 2. málsg. Nú varðar mál, sem til umræðu er, aðeins tiltekinn deildarhluta, en ekki annan eða aðra, og skal þá ekki kveðja fulltrúa hins deildarhlutans eða hinna. Ef mál varðar deildina í heild, skal hins vegar kveðja fulltrúa beggja eða allra deildarhluta.

Deildarfundur sker úr því hverju sinni, hvort tiltekið mál, sem er til umræðu, sé þess konar, að fulltrúi deildarstúdenta eigi að fjalla um það.

Fulltrúi stúdenta er þagnarskyldur um það, sem gerist á deildarfundum, með sama hætti og aðrir, er fundinn sækja. Deildarfundur getur þó leyft honum að skýra stjórn deildarfélags síns eða deildarfélagum sínum frá einstökum málum og afgreiðslu þeirra.

22. gr.

Deildarforseti hlutast til um, að samín sé í tæka tíð skrá um fyrirhugaða kennslu á kennslumisseri því, sem í hönd fer. Kennsluskrá þessi skal prentuð í einu lagi fyrir allar deildir háskólans. Í kennsluskrá skal og greina almennar upplýsingar um háskólann, stofnanir hans og starfsemi, og enn fremur skal prenta þar þá þætti úr reglugerð háskólans, sem varða nemendur sérstaklega.

23. gr.

Hver deild semur lestrar- og kennsluáætlun fyrir sig (upplýsingarit um kennslu og nám). Skal fjölríta hana eða prenta og afhenda nemendum, er þeir hefja nám sitt.

Í kennsluáætlun skal greina, hverjar námsgreinar séu kenndar í deild, hvernig kennslugreinum sé skipt eftir kennslumisserum, hve námstíminn sé áætlaður langur í heild eða í hverjum prófhluta um sig, ef því er að skipta. Þá skal og greina námskeið og æfingar og reglur um þau. Enn fremur skal lýsa þar kennsluháttum og prófháttum, þar skal geta kennslurita og annarra rita, sem æskilegt er að stúdent kynni sér í námi sínu, og greina almennt frá náminu, eftir því sem þörf þykir.

24. gr.

Hver háskóladeild ákveður, hvort eða að hve miklu leyti kennsla skuli fara fram, meðan á prófum stendur.

IV. KAFLI
Kennsla og nemendur.

76

17. júní

a. *Kennsluár, misseraskipting og kennsluhlé.*

25. gr.

Kennsluár háskólans skiptist í tvö kennslumisseri, haustmisseri frá 15. sept. til 31. jan. og vormisseri frá 1. febrúar til 15. júní. Háskólaráð getur ákveðið aðra misseraskiptingu með samþykki menntamálaráðherra fyrir tilteknar greinar eða deildir.

26. gr.

Á háskólaárinu eru þessi leyfi: jólaleyfi frá 20. desember til 6. janúar, páska-leyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum og hvítasunnuleyfi frá laugardegi fyrir hvítasunnu til þriðjudags eftir hvítasunnu. Byrjunar- og lokadagur hvers leyfis telst með. Auk þessara leyfa er kennsluhlé á sumardaginn fyrsta og 1. desember.

Háskólaráð eða deildir geta gefið leyfi einstaka daga af sérstöku tilefni.

Háskóladeild getur ákveðið, að próf fari fram í hvítasunnuleyfi aðra daga en hvítasunnudag og annan dag hvítasunnu, ef sérstaklega stendur á.

b. *Kennsluskylda og lausn undan henni.*

27. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn háskóladeildar, hver sé kennsluskylda einstaks háskólakennara. Nú unir kennari ekki úrlausn háskólaráðs, og má hann þá skjóta úrlausninni til menntamálaráðherra, sem leysir til fullnaðar úr þessu efni.

Rektor á rétt á að vera leystur undan allt að helmingi þeirrar kennslu, sem honum var skylt að hafa með höndum, er hann tók við rektorsembætti. Ef því er að skipta, ákveður rektor með samþykki menntamálaráðuneytis, hversu ráðstafa skuli þeim hluta kennslunnar.

28. gr.

Rektor getur veitt kennurum lausn í bili undan kennsluskyldu, allt að þremur vikum. Endranær er menntamálaráðherra heimilt, með samþykki háskólaráðs, að veita kennara lausn undan kennsluskyldu um takmarkaðan tíma. Kennari sá, er lausn hefur frá kennsluskyldu, ákveður kennara í sinn stað, einn eða fleiri, með samþykki háskóladeildar og menntamálaráðherra.

Menntamálaráðherra ákveður launakjör staðgengils hverju sinni og hvort kennari sá, sem vikur í bili, skuli greiða laun hans að nokkru eða öllu. Nú er maður ráðinn til að gegna kennaraembætti, en ekki settur til starfans, og ákveður deild þá hverju sinni, hvort hann eigi rétt á að sitja deildarfundum og hafi þar atkvæðisrétt.

c. *Nemendur.*

1. *Inntökuskilyrði.*

29. gr.

Hver sá, sem staðizt hefur fullnaðarpróf frá íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, á rétt á að verða skrásettur háskólaborgari, gegn því að greiða skrásetningargjald, enda hafi stúdent ekki gerzt sekur um neina þá óhæfu, sem geri það varhugavert, að dómi háskólaráðs, að veita honum skólavist.

Háskólaráð getur leyft, að skrásettir verði til náms menn, sem lokið hafa erlendis prófi eða prófum, er tryggja nægan undirbúning til námsins eigi miður en íslenskt stúdentspróf.

76

17. júní

Um inntöku nemenda í verkfræðideild gilda sérákvæði, sbr. 56. gr. a, svo og til náms í lyfjafræði lyfsala, sbr. 46. gr. a, og enn til náms í stærðfræðilegum greinum B.A.-prófs, sbr. 54. gr. 3. málsgr.

30. gr.

Heimilt er að synja stúdent um skólavist vegna persónulegra ágalla, eiturlyfjaneyzlu eða annarrar alvarlegrar óreglu.

31. gr.

2. Skrásetning stúdenta.

32. gr.

Skráning nýrra stúdenta til náms fer fram ár hvert frá 1. sept. eða næsta virkum degi til 1. okt. og frá 10. jan. eða næsta virkum degi til 1. febrúar. Háskólaráði er þó heimilt að ákveða, að frestir séu skemmri um skráningu í þær deildir, þar sem aðgangur er takmarkaður, svo og að leyfa einstökum stúdentum skrásetningu á öðrum tíma en greinir hér að framan, ef sérstaklega stendur á. Beiðni um skrásetningu skal fylgja stúdentsprófsskírteini og önnur þau skilríki, sem nauðsynleg eru samkvæmt ákvæðum reglugerðar háskólans, svo og skrásetningargjald.

Skrásetningargjald er 300 krónur. Renna $\frac{2}{3}$ hlutar þess í prófgjaldasjóð, en $\frac{1}{3}$ hluti þess rennur í sjóð, sem nefnist stúdentaskiptasjóður. Skal fé hans vera í vörzlum háskólaráðs, en stúdentaráð tekur ákvarðanir um veitingu fjár úr sjóðnum. Fé sjóðsins má aðeins verja til þess að stuðla að stúdentaskiptum milli Íslands og annarra ríkja eftir því, sem nánar verður ákveðið í skipulagsskrá sjóðsins, sem háskólaráð og stúdentaráð setja, en staðfesta skal með venjulegum hætti.

Háskólaráði er heimilt að áskilja samkvæmt tillögu háskóladeildar, að nemendur greiði gjöld vegna þátttöku í námskeiði til þess að standa straum af sérstökum kostnaði, svo sem vegna efniskaupa.

Skrásettur stúdent fær í hendur háskólaborgarabréf, sem rektor undirritar.

3. Læknisskoðun.

33. gr.

Læknisskoðun skal fara fram á hverjum stúdent á fyrsta og fimmta kennslumisseri hans í háskólanum.

Háskólaráði er heimilt að kveða svo á, að stúdentar gangi undir berklarannsókn árlega samkvæmt sérstakri auglýsingu.

Skólalæknir framkvæmir læknisskoðun stúdent að kostnaðarlausu.

Nú sinnir stúdent ekki lögmæltri eða fyrirskipaðri læknisskoðun eða heilbrigðisrannsókn, og varðar það viðurlögum samkvæmt 35. gr. 2. málsgr., eða því, að stúdent er meinað að taka próf, unz skyldu er fullnægt.

4. Námsferilsbækur.

34. gr.

Skrásettur stúdent skal fá í hendur námsferilsbók í upphafi fyrsta kennslumisseris síns í háskólanum. Í bók þessa skráir háskólaritari próf þau, er stúdent lýkur á námsferli sínum, þátttöku hans í lögmæltum námskeiðum, og ef deild ákveður, tímasókn hans á hverju misseri, svo og aðrar upplýsingar um nám hans, sem þörf þykir að geta um. Enn fremur skal geta þar læknisskoðunar og heilbrigðisrannsóknna, sem stúdent gengur undir á vegum háskólans.

Stúdent er skylt að sýna námsferilsbók, er hann lætur skrá sig til prófa eða sækir um styrk eða námslán eða endranær, er rektor eða kennarar hlutaðeigandi deildar æskja þess.

Könnun á tímasókn stúdenta fer fram með þeim hætti, sem hver deild ákveður.

5. Viðurlög við brotum á skólareglum o. fl.

76

17. júní

35. gr.

Allir skrásettir stúdentar eru skyldir að gæta velsæmis bæði í háskólanum og utan hans.

Háskólaráð getur veitt stúdent áminningu eða vikið stúdent úr skóla um tiltekinn tíma eða að fullu, ef hann hefur gerzt sekur um brot á lögum og öðrum reglum háskólans eða reynzt sekur um háttsemi, sem er ósamboðin háskólaborgara.

Heimilt er að vikja stúdent úr skóla vegna persónulegra ágalla, eiturlyfjaneyzlu eða annarrar alvarlegrar óreglu.

Áður en brottrekstur er ráðinn, skal leita umsagnar háskóladeildar stúdents. Einnig skal veita stúdent kost á að svara til saka. Enn fremur skal leita umsagnar stjórnar í deildarfélagi stúdents, áður en brottrekstur er ráðinn samkvæmt 2. málsg. Brottrekstur skal þegar í stað tilkynna menntamálaráðuneytinu. Stúdent er heimilt að skjóta úrskurði háskólaráðs til Hæstaréttar eftir reglum um kæru í opinberum málum innan 4 vikna frá því, að honum barst tilkynning um úrskurðinn.

Kæra frestar framkvæmd úrskurðar, en stúdent má þó ekki ganga undir próf, fyrr en úrlausn Hæstaréttar er fengin, sem hrindir úrskurði háskólaráðs, ef því er að skipta.

Nú tekur stúdent sig á, og er háskólaráði þá heimilt að fella brott fyrri úrskurði um brottrekstur.

36. gr.

Nú er hafin réttarrannsókn gegn skrásettum háskólastúdent fyrir háttsemi, sem talin er varða við almenn hegningarlög, og skal dómari þá tilkynna það rektor þegar í stað. Rektor eða fulltrúa hans er heimilt að vera viðstaddur dómþing, þegar svo stendur á.

Nú verður skrásettur stúdent sekur að lagadómi um verk, sem svivirðilegt er að almenningsáliti, og er hann þá rækur.

6. Lok skólavistar.

37. gr.

Afskipti háskólans af háskólastúdent hættu, er stúdent lýkur fullnaðarprófi í grein sinni. Nú tilkynnir stúdent, að hann sé hættur námi við háskólann, og skal þá má nafn hans af stúdentatali skólans. Þá skal má nafn stúdents af stúdentatali skólans, hafi hann ekki að dómi háskóladeildar sótt háskólann tvö kennslumisseri samfleytt, þó skal það ekki gert, þótt hann sé fjarverandi allt að fjögur misseri, hafi hann fyrir fram tilkynnt háskóladeild sinni fjarveru sína.

d. Kennsluhættir, tímasókn þeirra, sem ekki eru skrásettir í skólanum.

38. gr.

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, samtölum, æfingum og á námskeiðum, og skal leggja til grundvallar náminu prentaðar bækur eða fjölrítaðar, svo sem til vinnst.

39. gr.

Fyrirlestrar, æfingar og námskeið eru fyrir skrásetta stúdenta, en kennara er heimilt að veita öðrum kost á að sækja slíka kennslu, nema háskólaráð mæli öðruvisi fyrir.

76

V. KAFLI

17. júní Kennslugreinar og prófgreinar og sérákvæði um kennslu og próf í einstökum deildum.

A. Guðfræðideild.

40. gr.

Kennsla í guðfræðideild.

Þessar greinar skulu kenndar í guðfræðideild:

1. *Gamla testamentisfræði:*
 - a. Skýringar á völdum köflum úr öllum ritflokkum Gamla testamentisins eftir hebreska textanum.
 - b. Trúarsaga Ísraels.
 - c. Inngangsfræði Gamla testamentisins.
 - d. Ísraelssaga.
2. *Nýja testamentisfræði:*
 - a. Skýring á öllum ritum Nýja testamentisins eftir gríska textanum, en megináherzla skal lögð á skýringu þessara rita: Guðspjallanna allra, Rómverjabréfs, Fyrra Korintubréfs, Galatabréfs, Fyrra Pétursbréfs.
 - b. Guðfræði Nýja testamentisins.
 - c. Inngangsfræði Nýja testamentisins.
 - d. Samtíðarsaga Nýja testamentisins.
3. *Kristileg trúfræði:*
 - a. Kristileg trúfræði.
 - b. Játningarfræði.
4. *Kristileg siðfræði.*
5. *Kirkjusaga:*
 - a. Almenn kirkjusaga.
 - b. Kirkjusaga Íslands.
 - c. Trúarlærdómssaga.
6. *Almenn trúarbragðafræði:*
 - a. Trúarbragðasaga.
 - b. Trúarheimspeki.
 - c. Trúarlífssálarfræði.
7. *Kennimannleg guðfræði:*
 - a. Prédikunarfræði, sálgæzlufraði, helgisíðafræði og trúkennslufraði.
 - b. Verklegar æfingar í ræðugerð, ræðuflutningi, barnaspurningum og messuflutningi.
 - c. Æfingar í bréfa- og skýrslugerð presta.

Minntu kröfur um verklegt nám eru, að stúdentinn hafi samið 6 ræður, flutt tvær messur, tekið stöðugan þátt í barnaspurningum eitt kennslumissemi og starfað við sunnudagaskóla deildarinnar eitt missemi og sjúkrahæli um tveggja mánaða skeið.
8. *Kirkjuréttur.*
9. *Gríska.*
10. *Hebreska.*

Enn fremur skulu stúdentar leysa af hendi skriflegar æfingar, svo sem hér segir: sex í Nýja testamentisfræðum, þrjár í Gamla testamentisfræðum, þrjár í trúfræði, tvær í siðfræði, fjórar í kirkjusögu, tvær í almennum trúarbragðafræðum. Skulu æfingar þessar að jafnaði leystar af hendi í misserislok. Svo og skulu stúdentar velja sér grein til sérnáms í samráði við kennara í hverri grein og semja ritgerð úr því efni.

41. gr.

Próf í guðfræðideild.

A. Undirbúningspróf í grísku og hebresku.

- a. Stúdentum er heimilt að ganga undir próf í grísku eftir eins misseris nám við háskólann.

Prófið er munnlegt. Skulu þeir stúdentar, sem undir prófið ganga, hafa lesið að minnsta kosti 100 bls. í klassískri grísku og 80 bls. í Nýja testamentinu á grísku (útg. Nestles). Skal ávallt prófað í hvorri tveggja grískunni.

Enginn stenz prófið, ef hann nær ekki einkunninni 7.

Kennarinn í grísku prófar og dæmir um úrlausnirnar ásamt einum af kennurum guðfræðideilar.

Kennarinn lætur af hendi prófvottorð endurgjaldslaut.

- b. Stúdentum er heimilt að ganga undir próf í hebresku eftir eins misseris nám við háskólann.

Prófið er munnlegt. Skulu þeir stúdentar, sem undir prófið ganga, hafa lesið að minnsta kosti 50 bls. úr hebreskri biblíu (útg. Kittels). Enginn stenz prófið, ef hann nær ekki einkunninni 7. Kennarinn í hebresku prófar og dæmir um úrlausnirnar ásamt einum af kennurum guðfræðideildar. Kennarinn lætur af hendi prófvottorð endurgjaldslaut.

Eigi má liða lengri tími en 6 kennslumisseri frá innritun til undirbúningsprófa. Meðaltal einkunna í undirbúningsprófum telst ein einkunn til síðara hluta prófs.

B. Fyrri hluta próf.

Að loknum undirbúningsprófum er heimilt að ganga undir fyrri hluta próf, og er þá prófað í þessum greinum:

- Almennum trúarbragðafræðum.
- Inngangsfraði Gamla testamentisins.
- Ísraelssögu.
- Inngangsfraði Nýja testamentisins.
- Samtíðarsögu Nýja testamentisins.

Próf í almennum trúarbragðafræðum er bæði skriflegt og munnlegt, en munnlegt í hinum greinunum. Prófi þessu má fyrst ljúka að 4 kennslumisserum liðnum frá innritun, og skal það að jafnaði haldið í lok seinna misseris kennsluársins. Einkunnir í almennum trúarbragðafræðum eru taldar sér til síðara hluta prófs, en meðaltal einkunna í greinunum b.—e. telst ein einkunn til síðara hluta prófs. Enginn má hafa lægra meðaltal en einkunnina 7 til þess að standast fyrri hluta próf. Eigi má liða lengri tími en 8 kennslumisseri frá innritun þar til lokið er fyrri hluta prófi. Einkunnir í fyrri hluta prófi gilda eigi lengur en 10 kennslumisseri.

C. Síðara hluta próf.

Áður en stúdent segir sig til síðara hluta prófs, skal hann hafa lokið undirbúningsprófum, fyrri hluta prófi og þeim æfingum, sem deildin krefst. Skal hann sýna vottorð um, að hann hafi fært sér í nyt kennslu þá, sem veitt er í þeim náms-

76 greinum, sem nefndar eru í 40. gr. 7. og 8. og ekki er prófað í sérstaklega. Enn 17. júní fremur skal hann, a. m. k. þremur mánuðum áður en síðara hluta próf hefst að öðru leyti, skila ritgerð úr sérnámi sínu.

Próf er haldið í þessum námsgreinum:

- a. Gamla testamentisfræðum.
- b. Nýja testamentisfræðum.
- c. Kristilegri trúfræði.
- d. Kristilegri siðfræði.
- e. Kirkjusögu.
- f. Barnaspurningum.
- g. Prédikun.

Prófið í fyrstu 5 greinunum er bæði skriflegt og munnlegt, en verklegt í 6. og 7.

Barnaspurningar fara fram með þeim hætti, að kandídatarnir spyrja börn út úr efni, sem þeim hefur verið tilkynnt degi áður en spurningar fara fram.

Prófprédikun skal skilað skrifaðri í síðasta lagi viku eftir að texti hefur verið tilkynntur, og í prófslok skal hún flutt opinberlega í kapellu háskólans.

Gefa skal eina einkunn fyrir hverja grein í skriflegu og munnlegu prófi, svo og í verklegu prófi. Einkunn fyrir ritgerð úr sérnámi og úrlausnir í munnlegum Nýja testamentisfræðum skal tvöfalda.

D. *Undanþágur frá ákvæðum um tímatakverk við próf.*

Guðfræðideild getur veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar greinar um tímatakverk við próf, ef stúdent hefur verið veikur eða öðrum sérstökum ástæðum er til að dreifa.

B. Læknadeild.

42. gr.

Kennsla í læknadeild.

A. *Til embættisprófs í læknisfræði.*

1. *Efnafræði.* Kennslan er munnleg og verkleg í ólifrænni og í lífrænni efnafræði.
2. *Almenn líffærafræði.* Kennslan er munnleg.
3. *Líffærafræði* (kerfa- og svæðalýsing, fósturfræði og vefjafræði). Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í líkskurðaræfingum og smásjárrannsóknnum á vefjum.
4. *Lífeðlis- og líffænafræði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í æfingum og tilraunum, er sýni, hvernig einstök líffæri og líffærakerfi starfa.
5. *Meina- og sýklafræði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Auk almennrar meinafræði skal kenna aðalatriðin í meinafræði líffæra. Verklegar æfingar eru í meinvefjafræði, krufningum og sýklarannsóknnum.
6. *Lyfjafræði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Við kennsluna skal nota safn af lyfjum. Verklegar æfingar í lyfjagerð og tilraunum á dýrum.
7. *Heilbrigðisfræði og skýrslufræði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklegar æfingar í heilsufræðilegum rannsóknnum. Stúdentar skulu og kynna sér aðferð við kúabólusetningu hjá lögskipuðum bólusetjara.
8. *Handlæknisfræði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í leiðbeiningu í rannsókn sjúklinga og meðferð, þátttöku í almennu starfi í handlækningadeild, aðstoð við skurðaðgerðir og skurðæfingum á dýrum.
9. *Lyflæknisfræði.* Kennslan er munnleg, skrifleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í leiðbeiningum í rannsókn sjúklinga og meðferð og þátttöku í al-

mennu starfi á lyflækningadeild. Skriflega kennslan er fólgin í æfingaritgerðum um tiltekin verkefni. 76

17. júní

10. *Fæðingafraði og kvensjúkdómar.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í leiðbeiningum í rannsókn og meðferð sjúklinga og þátttöku í starfi á fæðingar- og kvensjúkdómadeild.
11. *Réttarlæknisfraði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í þátttöku í réttarkrufningum.
12. *Augnsjúkdómafraði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í leiðbeiningum við skoðun sjúklinga og greiningu algengra augnsjúkdóma.
13. *Háls-, nef- og eyrnasjúkdómafraði.* Kennslan er munnleg og verkleg og fer fram á hliðstæðan hátt og kennslan í augnsjúkdómafraði.
14. *Húð- og kynsjúkdómafraði.* Kennslan er munnleg og verkleg og fer fram á hliðstæðan hátt og kennslan í augnsjúkdómafraði.
15. *Barnasjúkdómafraði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í leiðbeiningum í rannsókn sjúklinga og þátttöku í almennu starfi á barnasjúkdómadeild.
16. *Geð- og taugasjúkdómafraði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í leiðbeiningum við skoðun og meðferð sjúklinga og þátttöku í almennu starfi á geðsjúkdómadeild.
17. *Geislalækningafræði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í þátttöku í almennu starfi á röntgendeild.
18. *Tannlæknisfræði.* Kennslan er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í æfingum í tanndrætti.
19. Minnstu kröfur um verklegt nám á sjúkrahúsum eru sem hér segir:

Í miðhluta:	1 mánuður	á	handlækningadeild.
	1	—	á lyflækningadeild.
	1	—	á rannsóknarstofu Landspítalans.
	1	—	á geðveikrahæli.
	½	—	á berklahæli.
Í síðasta hluta:	2 mánuðir	á	lyflækningadeild.
	2	—	á handlækningadeild.
	1 mánuður	á	slysavarðstofu.
	1	—	á fæðingardeild.
	1	—	á barnadeild.
	1	—	á röntgendeild.

Skulu stúdentar leggja fram skilríki um þetta nám, svo og annað verklegt nám skv. ákvæðum þessarar greinar, áður en þeir segja sig til prófs.

Enn fremur skulu þeir sýna skilríki fyrir því, að þeir hafi kynnt sér aðferð við kúabólusetningu (sbr. lið A. 7), áður en þeir segja sig til lokaprófs.

B. Til prófs í tannlækningum, sjá 44. gr.

C. Í lyfjafræði lyfsala, sjá 46. gr.

43. gr.

Próf í læknadeild.

A. Embættispróf í læknisfræði.

1. Embættisprófinu er skipt í þrjú hluta. Áður en stúdent segir sig til fyrsta hluta prófsins, skal hann hafa lokið upphafsprófi.
2. Upphafspróf fer aðeins fram í lok vormisseris.

76

17. júní

Prófgreinar eru:

- a. Efnafræði, skriflegt próf.
 - b. Efnafræði, verklegt próf.
 - c. Almenn líffærafræði, skriflegt próf.
Einkunn í skriflegri efnafræði telst til aðaleinkunnar við embættispróf.
3. Próf í fyrsta hluta embættisprófs er munnlegt, og eru prófgreinar þessar:
 - a. Líffærafræði.
 - b. Lífeðlis- og lífefnafræði.
 4. Próf í öðrum hluta embættisprófs er munnlegt, og eru prófgreinar þessar:
 - a. Meina- og sýklafræði.
 - b. Lyfjafræði.
 5. Próf í þriðja hluta embættisprófs eru munnleg, skrifleg og verkleg og skiptast í forpróf og lokapróf. Áður en stúdent segir sig til lokaprófs, skal hann hafa lokið forprófi.
 - a. Forpróf er skriflegt, og eru prófgreinar þessar:
 - (1) Augnsjúkdómafræði.
 - (2) Háls-, nef- og eyrnasjúkdómafræði.
 - (3) Húðsjúkdómafræði.
 - (4) Barnasjúkdómafræði.
 - (5) Geislalækningafræði.
 - (6) Geð- og taugasjúkdómafræði.
 Meðaleinkunn þriggja hinna fyrsttöldu prófgreina og meðaleinkunn þriggja hinna síðasttöldu teljast til aðaleinkunnar við embættispróf.
 - b. Í lokaprófi eru skriflegar prófgreinar þessar:
 - (1) Handlæknisfræði.
 - (2) Lyflæknisfræði.
 Munnlegar prófgreinar eru:
 - (3) Handlæknisfræði.
 - (4) Lyflæknisfræði.
 - (5) Fæðingar- og kvensjúkdómafræði.
 - (6) Heilbrigðisfræði.
 - (7) Réttarlæknisfræði.
 Verklegar prófgreinar:
 - (8) Handlæknisvitjun.
 - (9) Lyflæknisvitjun.

Prófi í handlæknis- og lyflæknisvitjun er hagað svo, að stúdent rannsakar sjúkling, í viðurvist prófanda og prófdómara, og gerir þegar að rannsókn lokinni grein fyrir því, hvernig sjúkdómurinn, sem um er að ræða, hefur hagað sér og hvernig hann lýsir sér. Heimilt er að verja allt að einni klukkustund til nefndrar rannsóknar.

6. Stúdent telst ekki hafa staðizt upphafspróf, hafi hann hlotið lægri einkunn en 7 í einhverri hinna þriggja prófgreina.
Hljóti stúdent lægri einkunn en 5 í einhverri þessara prófgreina: skriflegri handlæknisfræði, munnlegri handlæknisfræði, skriflegri lyflæknisfræði, munnlegri lyflæknisfræði, hefur hann ekki staðizt prófið (sbr. a. ö. l. 68. gr.).
7. Eigi má liða lengri tími en 7 kennslumisseri frá skrásetningu og þar til fyrsta hluta embættisprófs er lokið. Öðrum hluta prófsins skal lokið eigi síðar en 4 misserum eftir fyrsta hluta og lokaprófi eigi síðar en 5 misserum eftir að öðrum hluta prófsins er lokið. Undanþágu frá þessum tímamörkum má þó veita, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Forprófi síðasta hluta skal að jafnaði lokið einu misseri eftir miðhluta- **76**
 próf og a. m. k. misseri áður en stúdent segir sig til lokaprófs. **17. júní**

B. Fullnaðarpróf í tannlækningum, sjá 45. gr.

C. Próf í lyfjafræði lyfsala, sjá 47. gr.

44. gr.

Kennsla til kandiðatsprófs í tannlækningum.

1. Efnafraði.
 Kennslan er munnleg og verkleg í lífrænni og ólífrænni efnafraði.
2. „Morfologi“ og „teknologi“.
 Kennslan er munnleg og verkleg.
3. Lífeðlis- og lífefnafræði.
 Kennslan er munnleg og verkleg, sérstök áherzla lögð á næringarfræði.
4. Líffærafræði almenn og sérhæfð, þar sem lýst er nákvæmlega gerð tanna, munnsvæðis og aðliggjandi vefja.
5. Meinafræði og sýklafræði.
 Kennslan er munnleg og verkleg. Auk almennrar sýkla- og meinafræði skal lögð sérstök rækt við meina- og sýklafræði tanna og munnholds.
6. Lyfjafræði.
 Kennslan er munnleg. Auk almennrar lyfjafræði skal lögð sérstök rækt við deyfilyf, sótthreinsandi lyf og bólgulyf.
7. Tannfylling.
8. Tannsmíði I.
9. Tannsmíði II (krónu- og brúagerð).
10. Sérhæfð handlæknisfræði.
11. Tannholds- og munnsjúkdómar.
12. Tannrétting.
 Kennslan í greinum 7—12, að báðum meðtöldum, er munnleg og verkleg. Verklega kennslan er fólgin í athugun, greiningu og aðgerðum á sjúkdómum og afleiðingum þeirra á munnsvæði.
13. Almenn lyflæknisfræði.
 Kenna skal undirstöðuatriði við almenna rannsókn sjúklinga, greiningu og meðferð algengustu sjúkdóma í ýmsum kerfum, og samband þeirra við sjúkdóma í munn.
14. Almenn handlæknisfræði.
 Sama sem við almenna lyflæknisfræði.
15. Röntgenfræði.
 Síðasta sumarið fyrir lokapróf skulu stúdentar vinna 1 mánuð á handlæknisdeild og 1 mánuð á lyflæknisdeild.

45. gr.

Próf í tannlækningum.

Kandiðatspróf er í 3 hlutum. Áður en stúdent segir sig til lokaprófs í fyrsta hluta, skal hann hafa lokið prófi í efnafraði og „morfologi“ og „teknologi“.

Efnafraðiþróf fer fram í lok vormisseris.

Prófgreinar í fyrsta hluta eru:

1. Efnafraði, skriflegt próf.
- Efnafraði, verklegt próf.

76

17. júní

2. Einkunn í skriflegri efnafræði telst til aðaleinkunnar við kandidatspróf. „Morfologi“ og „teknologi“.
- Prófið er verklegt og munnlegt og er háð þremur misserum eftir að nám er hafið.

Lokapróf í fyrsta hluta kandidatsprófs er munnlegt, og eru prófgreinar þessar:

3. Líffærafræði.
4. Lífeðlis- og lífefnafræði.

Próf í öðrum hluta kandidatsprófs er munnlegt, og eru prófgreinar þessar:

5. Meina- og sýklafræði.
6. Lyfjafræði.

Próf í þriðja hluta kandidatsprófs er munnlegt, verklegt og skriflegt. Prófgreinar eru þessar:

7. Tannfylling.
8. Tannsmíði I, gervitannagerð.
9. — II, krónu- og brúagerð.

Prófin eru skrifleg og verkleg, tvöföld einkunn.

Sérhæfð handlæknisfræði.

10. Tannrétting.

Prófin skrifleg og verkleg.

11. Tannholds- og munnsjúkdómar.

Prófin skrifleg og „klinisk“.

12. Almenn handlæknisfræði.
13. Almenn lyflæknisfræði.
14. Röntgenfræði.

Prófin eru skrifleg.

Stúdent telst ekki hafa staðizt upphafspróf, hafi hann hlotið lægri einkunn en 7 í skriflegri efnafræði.

Hljóti stúdent lægri einkunn en 7 í tannfyllingu eða tannsmíði, telst hann ekki hafa staðizt prófið.

Prófi skal lokið í hverjum hinna þriggja hluta námsins eigi síðar en 5 misserum eftir að nám er hafið í hverjum hluta. Undanþágu frá þessum tíma- mörkum má þó veita, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

46. gr.

Kennsla í lyfjafræði lyfsala.

a. Inntökuskilyrði.

Þeir stúdentar, sem lokið hafa fullnaðarprófi við stærðfræðideild í íslenskum skóla, sem heimild hefur til að brautskrá stúdenta, hafa aðgang að námi í lyfjafræði lyfsala. Deildin getur þó sett lágmarkseinkunnir í einstökum greinum sem skilyrði inntöku. Enn fremur getur deildin takmarkað fjölda stúdenta, sem veittur er aðgangur að náminu hverju sinni.

b. Kennslugreinar og kennsluhættir.

1. Námstími og kennsluhættir.

Nám í lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands miðast við þrjú kennsluár, og eru próf í lok hvers kennslutímabils.

Kenna skal fræðileg undirstöðuatriði lyfjafræði lyfsala, bókleg og verkleg. Lýkur því námi með fyrra hluta prófi, og öðlast sá, sem stent þáð próf, lærdóms- tilinn *examinatus pharmaciae*.

2. Kennslugreinar.

76

17. júní

Á fyrsta kennsluári skal kenna:

Lyfjagerðarfræði (pharmacia), efnafræði (ólífræn efni), latínu, verðlagningu lyfja, lyfjalöggjöf (lyfjalögfræði) og galenska lyfjagerð með verklegum æfingum.

Að loknu fyrsta kennsluári skal stúdent vistaður til verklegs náms í lyfjabúð og Lyfjaverzlun ríkisins í samráði við aðalkennara (dósent) í lyfjafræði lyfsala. Stúdent skal stunda hið verklega nám frá 15. júní til 15. sept. næsta ár með tveggja vikna sumarleyfi hvort árið. Stúdent má leysa verklegt nám af hendi á fleirum en einum stað í samráði við og með samþykki aðalkennara.

Á þriðja námsári skal kenna:

Efnafræði (lífræn efni), lyflýsingafræði, grasafræði, rekstrarfræði lyfjabúða, efnagreiningu og vörufræði með verklegum æfingum og efnafræði með verklegum æfingum.

c. Verklegt nám.

Við verklegt nám utan háskólans skal stúdent starfa sem hér segir: Í lyfjabúri 4 mánuði, að afgreiðslustörfum og hreinsun íláta 2 mánuði, að galenskri lyfjagerð, þar með talin töflu-, kyrni- og stungulyfjagerð og störf í rannsóknarstofu 6½ mánuð og við áfyllingar og birgðaeftirlit 1½ mánuð.

Í byrjun annars námstímablis eru stúdent afhentar tvær verkefnaskrár, A og B, yfir verkefni (samsetningar), er hann skal leysa á verknámstíma sínum. Á verknámstíma utan háskólans skal stúdent og færa dagbók og vinnustofubók. Nánari ákvæði um tilhögun þessara verkefna eru sett með sérstakri samþykkt læknadeildar.

Stúdent skilar dagbók og vinnustofubók, er hann segir sig til miðprófs.

47. gr.

Próf í lyfjafræði lyfsala.

a. Prófgreinar og tilhögun prófs.

Prófum í lyfjafræði lyfsala er skipt í þrjá hluta, og eru prófgreinar og gildi einkunna í hverri prófgrein sem hér segir:

Upphafspróf:

Skriflegt: Lyfjagerðarfræði: tvöföld einkunn, efnafræði (ólífræn efni): tvöföld einkunn, verðlagning lyfja: einföld einkunn.

Munnlegt: Latína: einföld einkunn, lyfjalöggjöf: einföld einkunn.

Verklegt: Galensk lyfjagerð: tvöföld einkunn, lyfjagerð eftir lyfseðli: tvöföld einkunn.

Miðpróf:

Verklegt: Galensk lyfjagerð: tvöföld einkunn, lyfjagerð eftir lyfseðli: tvöföld einkunn.

Lokapróf (fyrra hluta próf):

Skriflegt: Efnafræði (lífræn efni): tvöföld einkunn, lyflýsingafræði: einföld einkunn, grasafræði: einföld einkunn, rekstrarfræði lyfjabúða: einföld einkunn.

Verklegt: Efnafræði: tvöföld einkunn, efnagreining og vörufræði: einföld einkunn.

Áður en stúdent segir sig til upphafsprófs, skal hann leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlitandi ástundun við námið og lokið tilbúningi eigi færri en 15 galenskra samsetninga, sem greindar eru á verkefnaskrá A.

76 17. júní Þá er stúdent segir sig til miðprófs, skal hann hafa staðizt upphafspróf og lokið tilbúningi allra þeirra samsetninga, sem greindar eru á verkefnaskrá A og B, og skilað dagbók og vinnustofubók, er kennari og prófdómendur meta gilda.

Einkunn við próf í verklegri galenskri lyfjagerð skal miða að hálfu við vinnustofudagbók og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Á sama hátt skal miða einkunn fyrir lyfjagerð eftir lyfseðli að hálfu við dagbók og að hálfu við frammistöðu á prófinu sjálfu.

Þegar stúdent segir sig til lokaprófs, skal hann hafa lokið miðprófi og leggja fram vottorð frá kennurum um, að hann hafi sýnt viðhlítandi ástundun við námið og lokið eigi færri en 15 verklegum æfingum í efnafraði.

Nú stentz stúdent eigi upphafspróf eða lokapróf, og er honum þá heimilt að þreyta próf aftur að ári liðnu, enda hafi hann haldið námi áfram við háskólann a. m. k. eitt kennslumisseri, eftir að honum fataðist prófið.

Standist stúdent ekki miðpróf, er honum heimilt að þreyta prófið aftur að ári liðnu, enda hafi hann þá starfað eigi skemur en níu mánuði við verklegt nám í greininni, frá því honum fataðist prófið.

Nú óskar stúdent, sem eigi hefur staðizt próf eða gengið frá prófi, að þreyta próf af nýju, og verður hann þá að þreyta próf í öllum greinum í því prófi.

Engan hluta prófs má þreyta oftár en tvisvar, og prófi skal lokið eigi síðar en sex árum eftir að stúdent var skráður í deildina. Undanþágu má þó veita frá greindu tímamarki, ef stúdent hefur verið veikur, enda sé það staðfest af lækni háskólans.

Hafi stúdent byrjað á prófi, en gengið frá því, getur hann ekki sagt sig til prófs af nýju fyrr en að ári liðnu.

b. *Einkunnastigi og ákvæði um lágmarkseinkunn.*

Við ákvörðun einkunna skal nota einkunnakerfi Örsteds, sbr. 57. gr. um próf í verkfræðideild. Við einkunnagjöf skal jafnframt stuðzt við úrlausnir æfinga-verkefna, sem stúdentar hafa leyst á námstímanum.

Til að standast próf verður stúdent að hafa fengið a. m. k. 5.00 í hverri af þessum verklegum greinum: galenskri lyfjagerð, búrvinnu og efnagreiningu ásamt vörubekkingu og ekki minna en 5.00 að meðaltali í hverjum einstökum hluta fyrir sig.

C. Laga- og viðskiptadeild

48. gr.

1. *Kennslugreinar í lagadeild eru þessar:*

1. Almenn lögfræði.
2. Þjóðhagfræði.
3. Bókfærsla.
4. Fjármunaréttur.
5. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur.
6. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur.
7. Refsiréttur.
8. Réttarfar.
9. Réttarsaga.
10. Sjóréttur og félagaréttur.
11. Þjóðaréttur og alþjóðlegur einkamálaréttur.
12. Æfingar í úrlausn raunhæfra verkefna.
13. Vélritun.

2. Kennslugreinar í viðskiptadeild eru þessar:

76

17. júní

1. Þjóðhagfræði almenn.
2. Þjóðhagfræði hagnýt.
3. Rekstrarhagfræði almenn.
4. Rekstrarhagfræði sérgreind.
5. Fjármálafræði.
6. Íslensk haglýsing.
7. Lögfræði.
8. Bókfærsla, endurskoðun og skattaskil.
9. Reikningshald.
10. Tölfræði.
11. Viðskiptareikningur.
12. Enska.
13. Vélritun.

Í háðum deildum skulu vera skriflegar æfingar í þeim greinum, sem sérstakt skriflegt próf er haldið í.

49. gr.

Embættispróf í lögfræði.

Embættisprófinu skal skipt í tvennt, fyrra hluta og síðara hluta. Prófgreinar í fyrra hluta eru þessar:

1. Fjármunaréttur, tvö skrifleg og eitt munnlegt próf.
2. Sifjaréttur, erfðaréttur og persónuréttur, skriflegt og munnlegt próf.
3. Stjórnskipunar- og stjórnarfarsréttur, skriflegt og munnlegt próf.
4. Raunhæft úrlausnarefni, þar sem reynir á atriði úr 1.—3. prófgrein fyrra hluta, skriflegt próf.

Áður en stúdent segir sig til fyrra hluta prófsins, skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi staðizt próf í almennri lögfræði, þjóðhagfræði og bókfærslu. Til þess að standast próf í almennri lögfræði, þarf stúdent að sýna slíka þekkingu á prófi, að virt verði til lægstu I. einkunnar hið minnsta. Kostur er að áskilja svipaða lágmarkseinkunn við próf í þjóðhagfræði og bókfærslu með einróma samþykkt kennara í laga- og viðskiptadeild, enda sé slík samþykkt birt nemendum á tryggilegan hátt.

Prófgreinar í síðara hluta prófsins eru þessar:

1. Refsiréttur, skriflegt og munnlegt próf.
2. Réttarfar, skriflegt og munnlegt próf.
3. Réttarsaga, munnlegt próf.
4. Sjóréttur og félagaréttur, munnlegt próf.
5. Þjóðaréttur og alþjóðlegur einkamálaréttur, munnlegt próf.
6. Raunhæft úrlausnarefni, þar sem reyna skal á sem flesta þætti úr prófgreinum fyrra og síðara hluta, nema 3. prófgrein síðara hluta, skriflegt próf. Einkunn í 6. prófgrein hefur tvöfalt gildi.

Áður en stúdent segir sig til síðara hluta prófsins, skal hann leggja fram skilríki fyrir því, að hann hafi unnið í lögfræðiskrifstofu undir handleiðslu lögfræðings um a. m. k. tveggja mánaða skeið eftir að hann lauk fyrra hluta embættisprófs. Einnig skal hann sýna skilríki fyrir því, að hann hafi tekið samvizkusamlega þátt í æfingum í vélritun og í námskeiði í þeim þáttum úr sérstaka hluta kröfuréttarins, sem ekki eru prófteknir með 1. prófgrein fyrra hluta. Heimilt er að koma við prófi í sambandi við æfingar og námskeið.

Nú líða meira en fjögur ár frá því að stúdent lauk fyrra hluta embættisprófs til þess að hann segir sig til síðara hluta prófsins, og er gildi fyrra hluta

- 76 prófsins þá úti. Verður stúdentinn þá að þreyta fyrra hluta próf af nýju, ef hann
 17. júní kýs að halda áfram náminu. Forpróf í almennri lögfræði, bókfærslu og þjóðhagfræði halda þó gildi sínu. Undanþágu undan því að þreyta fyrra hluta próf af nýju má veita, ef stúdentinn hafa багаð veikindi eða svipaðar vitaleysisástæður, að mati kennara deildarinnar.

50. gr.

Fullnaðarpróf í viðskiptafræðum.

Prófgreinar eru þessar:

1. Rekstrarhagfræði, skriflegt próf.
2. Rekstrarhagfræði almenn, munnleg próf.
3. Rekstrarhagfræði sérgreind, munnlegt próf.
4. Þjóðhagfræði, skriflegt próf.
5. Þjóðhagfræði almenn, munnlegt próf.
6. Þjóðhagfræði hagnýt og fjármálafræði, munnlegt próf.
7. Íslensk haglýsing, munnlegt próf.
8. Lögfræði, munnlegt próf.
9. Bókfærsla almenn, skriflegt próf.
10. Reikningshald, munnlegt próf.
11. Bókfærsla, endurskoðun og skattaskil, skriflegt próf.
12. Tölfræði, skriflegt próf.
13. Viðskiptareikningur, skriflegt próf.
14. Enska, skriflegt og munnlegt próf.
15. Ritgerð um hagfræðilegt efni, er stúdent velur í samráði við hagfræðikennara deildarinnar í lok fjórða misseris, er hann stundar nám í viðskiptafræðum í deildinni.

Áður en stúdent tekur þátt í æfingum í bókfærslu verklegri, endurskoðun og skattaskilum, skal hann hafa lokið prófi í almennri bókfærslu. Eftir að stúdent hefur tekið þátt í æfingum þessum, er honum heimilt að ganga undir próf í greininni, hvenær sem er.

Áður en stúdent segir sig til fullnaðarprófs, skal hann afhenda prófritgerð sína vélritaða og leggja fram skilríki um, að hann hafi tekið þátt í æfingum í eftirtöldum greinum:

1. Rekstrarhagfræði, m. a. haldið eitt erindi og afhent kennaranum það vélritað.
2. Þjóðhagfræði, m. a. haldið eitt erindi og afhent kennaranum það vélritað.
3. Verklegri bókfærslu, endurskoðun og skattaskilum, m. a. tekið þátt í a. m. k. 12 verklegum æfingum.
4. Ensku, m. a. leyst úr 25 skriflegum verkefnum.

Við ákvörðun aðaleinkunnar hafa einkunnir í 1., 2., 4., 5. og 11. prófgrein tvöfalt gildi.

D. Heimspekideild.

51. gr.

Kennsla í heimspekideild.

Í heimspekideild skal kennt:

1. Heimspeki.
 - a. Í forspjallsvísindum almenn sálarfræði, rökfræði og annaðhvort undirstöðuatriði siðfræðinnar eða valdir kaflar úr heimspekisögunni. Kennslan er bókleg og fer fram í fyrirlestrum og samtölum.
 - b. Almenn heimspeki. Kennslan fer fram í fyrirlestrum.

- c. Uppeldisfræði. Kennslan fer fram í fyrirlestrum og með verklegum æfingum. Skal henni hagað þannig, að farið sé yfir námsefni til prófs í uppeldisfræðum á tveimur kennslumisserum. 76
17. júní
2. Íslenzk málfræði. Kennslan miðar að því að veita nemendum nákvæma þekkingu á öllum greinum íslenzkrar málfræði, og skal sérstaklega æfa nemendur í málfræði við lestur og skýring íslenzkra rita, fornra og nýrra. Þá skal og veitt kennsla í öðrum germönskum málum, einkum gotnesku.
 3. Íslenzkar bókmenntir, skýring og saga. Kennslan miðar að því að veita nemendum nákvæma þekkingu á bókmenntum Íslendinga frá elztu tímum til vorra daga.
 4. Saga og menningarsaga Íslendinga. Kennslan miðar að því að veita nemendum nákvæma þekkingu á sögu Íslands að fornu og nýju.
 5. Miðaldalatína fyrir nemendur í íslenzkum fræðum.
 6. Danska, sænska, norska, enska, þýzka, franska, latína, gríska, mannkynsaga, bókasafnsfræði, landafræði og jarðfræði, stærðfræði, eðlisfræði og efnafræði, náttúrufræði (líffræði, jurtafræði, dýrafræði og mannfræði). Kennslan miðar að því að veita nemendum haldgóða þekkingu í þessum greinum í því skyni, að þeir geti lokið prófum baccalaureorum artium samkv. 54. gr., og skal henni hagað þannig, að farið sé yfir námsefni hvers stigs á tveimur kennslumisserum.

Kennslan skal einkum stefna að því, að stúdentar verði að prófi loknu hæfir kennarar við skóla gagnfræðastigsins og aðra hliðstæða framhaldsskóla.

52. gr.

Próf i heimspekilegum forspjallsvísindum.

Stúdentum er heimilt að ganga undir próf þetta eftir tveggja missera nám við háskólann, en skylt að hafa lokið því að minnsta kosti tveimur misserum áður en þeir ganga undir fullnaðarpróf. Undanþegnir eru þó prófi þessu stúdentar verkfræðideildar og erlendir stúdentar, sem ganga undir próf baccalaureorum philologiae islandicae.

Prófið er aðeins munnlegt. Enginn stentz prófið, ef hann hlýtur lægri einkunn en 7. Kennarinn dæmir einn um úrlausnina.

Prófið fer fram í síðasta mánuði kennslumisseris.

Prófið má endurtaka á misseris fresti. Háskólinn lætur endurgjaldslaust af hendi prófvottorð, undirritað af prófessornum í forspjallsvísindum.

53. gr.

I. Próf i íslenzkum fræðum.

Prófgreinar eru þessar:

1. Málfræði og saga íslenzkrar tungu.
2. Íslenzkar bókmenntir, skýring og saga.
3. Saga og menningarsaga Íslendinga.

Lokapróf eru tvenns konar:

- a. Kandidatspróf (cand. mag. próf).
- b. Meistarapróf (mag. art. próf).

A. Kandidatspróf.

Kandidatspróf skiptist í tvennt.

Fyrri hluti.

17. júní

Aðaláherzla skal lögð á að reyna, hvernig nemandinn hafi fært sér í nyt þá kennslu, sem hann hefur átt kost á, og hæfni hans til framhaldsnáms.

Prófið er skriflegt í öllum greinum. Nemandinn skal leysa af höndum þrjú verkefni í málfræði: 1) í hljóðfræði, 2) í setningafræði eða merkingarfræði, 3) í hagnýtri íslenzkukennslu. Auk þess skal nemandinn gera tvær heimaritgerðir, aðra í málfræði, hina í sögu eða bókmenntasögu, og má hann velja milli tveggja síðast taldra greina. Heimaritgerðum skal skila eigi síðar en hálfum mánuði áður en skrifleg próf í háskólanum hefjast.

Einkunnir skulu vera fimm alls, ein fyrir hverja úrlausn.

Engum nemanda er heimilt að ganga undir fyrra hluta próf síðar en 6 misserum eftir innritun í heimspekideild, nema til komi einróma samþykki kennaranna í íslenzkum fræðum. Standist nemandi ekki prófið eða gangi frá því án löglegra forfalla, má hann endurtaka það eftir tvö misseri. En reynist hann þá ekki hæfur, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga undir lokapróf.

Síðari hluti.

Kandídatinn skal eigi síðar en þremur misserum áður en hann gengur undir prófið hafa valið sér, í samráði við kennarana, hæfilega afmarkað svið í einni af prófgreinunum (kjörsvið), sem hann kynnir sér rækilega.

Prófið er bæði munnlegt og skriflegt í hverri grein. Hefst það á ritgerð úr kjörsviði kandidatsins, og má verja til hennar allt að 3 vikum. Eigi má líða meira en ár frá því að kjörsviðsritgerð er skilað og þar til hinn hluti prófsins hefst.

Einkunnir eru gefnar bæði fyrir munnlega og skriflega úrlausn í hverri prófgrein, auk þess tvöföld einkunn fyrir ritgerðina, alls 8 einkunnir. Enn fremur skal telja meðaleinkunn úr fyrra hluta prófi með sem tvöfalda einkunn, svo að einkunnirnar til kandidatsprófs verða alls 10.

Að öðru leyti gilda bæði um fyrra og síðara hluta þessa prófs hin almennu ákvæði um embættispróf í háskólanum.

B. Meistarapróf.

Stúdentum, sem leyst hafa af hendi fyrra hluta kandidatsprófs, er heimilt að ganga undir meistarapróf. Þeir velja sér að meginviðfangsefni eina af hinum 3 prófgreinum, en innan þeirrar greinar nánar afmarkað svið (kjörsvið), sem þeir skulu rannsaka vísindalega. Prófið er með sama hætti og síðari hluti kandidatsprófs, nema hvað stúdentinn fær til úrlausnar kjörsviðsverkefni sínu allt að sex mánuði, og skal það innt af hendi á undan öðrum hlutum prófsins. Auk þess flytur stúdentinn fyrirlestur í heyranda hljóði og fær 8 daga til að semja hann.

Einkunnir eru tvær: ágætlega hæfur (admissus cum egregia laude) og hæfur með lofi (admissus cum laude).

Stúdent stenztt ekki prófið, nema aðalritgerð sé metin til 1. einkunnar og einnig aðrir hlutar prófsins samanlagðir. Kennarar í íslenzkum fræðum dæma einir um þetta próf.

Til þess að öðlast kennsluréttindi við menntaskóla, gagnfræðaskóla og sérskóla skv. lögum nr. 16/1947 þurfa kandidatar og meistarar í íslenzkum fræðum, svo og kandidatar í íslenzku með aukagrein eða í sögu með aukagrein, einnig að ljúka prófi í uppeldis- og kennslufræðum, sbr. 49. gr. laganna.

Þessi ákvæði gilda einnig um þá, sem ljúka B.A.-prófi til þess að öðlast kennsluréttindi við gagnfræðaskóla og sérskóla, sbr. 55. gr.

II. Kandidatspróf í íslenzku með aukagrein.

76

17. júní

Prófgreinar eru þessar:

1. Málfræði og saga íslenzkrar tungu.
2. Íslenzkar bókmenntir, skýring og saga.
3. Valfrjáls einhver þeirra greina, sem kenndar eru til B.A.-prófs (uppeldisfræði undanskilin).

Í tveimur fyrst töldu greinunum eru prófkröfur og próftilhögun eins og við kandidatspróf í íslenzkum fræðum. En í aukagreininni ljúki nemandinn þremur B.A.-prófstigum.

Einkunnir verða 11 alls: Meðaleinkunn fyrra hluta prófsins í íslenzku greinunum reiknast sem tvöföld einkunn. Einkunnin fyrir heimaritgerð úr kjörsviði, sem velja ber annaðhvort úr íslenzkri málfræði eða bókmenntasögu, reiknast sem tvöföld einkunn. Enn fremur eru einkunnir gefnar bæði fyrir munnlega og skriflega úrlausn í hvorri íslenzku prófgreinanna. Loks er fyrir hvert stig aukagreinarinnar gefin 1 einkunn. Enginn stentz prófið, ef hann nær ekki meðaleinkunninni 7 í hverjum hluta prófsins um sig.

III. Kandidatspróf í sögu með aukagrein.

Prófgreinar eru:

1. Saga og menningarsaga Íslendinga.
2. Mannkynssaga.
3. Valfrjáls einhver önnur grein, sem kennd er til B.A.-prófs.

Stúdentinn skal skila heimaritgerð í Íslendingasögu áður en 6 misseri eru liðin frá innritun hans í heimspekideild. Að öðru leyti séu prófkröfur og próftilhögun í Íslandssögu hinar sömu og í sögu Íslendinga við síðara hluta kandidatsprófs í íslenzkum fræðum, þegar kjörsvið er í henni tekið. En í hinum greinunum séu prófkröfur og próftilhögun hinar sömu og við B.A.-próf, og taki nemandinn 3 prófstig í hvorri grein um sig.

Einkunnir verða 11 alls: 5 í Íslandssögu (1 einkunn fyrir heimaritgerðina í sögu og 4 einkunnir á lokaprófi) og 6 í hinum greinunum, 1 einkunn fyrir hvert prófstig í hvorri grein. Enginn stentz prófið, ef hann nær ekki meðaleinkunninni 7 í hverjum hluta prófsins um sig.

IV. Próf í íslenzku fyrir erlenda stúdent: baccalaureatus philologiae Islandicae (bacc. philol. Isl.).

Prófgreinar eru fjórar:

1. Málfræði.
2. Þýðingar.
3. Bókmenntasaga.
4. Textaskýringar.

Prófin skulu vera sex, þrjú skrifleg og þrjú munnleg.

Skrifleg próf: 1. málfræði, 2. þýðing úr íslenzku á móðurmál stúdentsins eða eitthvert heimsmál og úr því á íslenzku, 3. bókmenntasaga.

Munnleg próf: 1. málfræði, 2. bókmenntasaga, 3. textaskýringar.

Fyrir hvert próf skal gefin sérstök einkunn. Til þess að standast prófið þarf stúdentinn að hafa hlotið, auk tilskilinnar meðaltalseinkunnar (sbr. 68. gr.), hið lægsta einkunnina 5 í þýðingum.

Nánari reglur um námsefni setja kennararnir í íslenzkum fræðum.

54. gr.

B.A.-próf.

Prófgreinar eru námsgreinar þær, sem taldar eru upp í 51. gr., 6. lið.

Stúdent hlýtur B.A.-próf fyrir 5 prófstig, 3 í einni grein og 2 í annarri. Hvert stig er miðað við ákveðnar þekkingarkröfur: 1. stig táknar minnstar kröfur, 2. stig meiri kröfur, 3. stig mestar kröfur.

Stærðfræðideildarstúdentsprófs er krafizt af þeim, sem leggja stund á stærðfræði eða eðlisfræði og efnafraði.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg, í landafræði og náttúrufræðigreinum einnig verkleg.

55. gr.

Próf í uppeldis- og kennslufræðum.

Prófgreinar eru þessar:

1. Sálarfraði barna og unglunga og uppeldisleg sálarfraði.
2. Almenn uppeldisfræði.
3. Hagnýt kennslufræði.
4. Kennsla.

Próf í tveimur fyrst töldu greinunum er bæði skriflegt og munnlegt, próf í hagnýtri kennslufræði munnlegt, en í kennslu verklegt. Einkunnir skulu vera fjórar alls, ein fyrir hverja prófgrein.

Prófið er í tveimur hlutum: fyrra hluta (1. og 2. prófgrein) og síðara hluta (3. og 4. prófgrein).

Kennsluprófið er í tveimur greinum, aðalgrein og aukagrein, og reiknast próf aðalgreinar $\frac{2}{3}$, en aukagreinar $\frac{1}{3}$ einkunnar. Stúdentum er ekki heimilt að taka þátt í kennsluæfingum né ljúka kennsluprófi, fyrr en þeir hafa lokið einum prófhluta í kennslugreininni. Stúdent stenztt ekki prófið, nema hann hafi hlotið hið minnsta einkunnina 7 fyrir kennslu, auk tilskilinna meðaltalseinkunna, sbr. 68. gr.

Háskólinn lætur af hendi prófvottorð undirritað af prófessornum í uppeldisfræðum.

E. Verkfræðideild.

56. gr.

*Kennsla og nám í verkfræðideild.**a. Inntökuskilyrði.*

Skilyrði til inntöku í deildina er stúdentspróf úr stærðfræðideild íslenzks menntaskóla eða sambærilegt próf.

Deildin getur sett skilyrði um lágmarkseinkunnir í einstökum greinum eða greinaflokkum.

*b. Kennslugreinar og kennsluhættir.**1. Námstími.*

Námið miðast við 3 kennsluár og próf í lok hvers kennsluárs. Verklegt próf í landmælingu fer þó að jafnaði fram í byrjun 3. kennsluárs.

2. Kennslugreinar.

Verkfræðideildin veitir kennslu:

1. Í almennum undirstöðuatriðum verkfræðinnar.
2. Í einstökum sérgreinum verkfræðinnar eftir því, sem ákveðið er á hverjum tíma.

Til fullnaðarprófs frá deildinni eru kenndar þessar greinar:

76

Stærðfræði, aflfræði, burðarþolsfræði, rúmmyndafræði, eðlisfræði munnleg og verkleg, efnafræði munnleg og verkleg, jarðfræði, teiknun, landmæling og húsagerð. Tilhögun kennslunnar í hverri grein ákvæður háskólaráð eftir tillögum deildarinnar. 17. júní

3. Undanþágur frá ákvæðum um kennslu og nám.

Stúdenta þá, sem ekki ætla að stunda framhaldsnám í byggingaverkfræði, getur deildin undanþegið þátttöku í einstökum námsgreinum.

57. gr.

Próf í verkfræðideild.

1. Prófgreinar.

Námsgreinum er skipt í 4 prófflokka. Fjöldi einkunna og niðurröðun prófa er eins og tafla I sýnir. Í töflunni tákna s skriflegt próf, m munnlegt próf. Þegar heildareinkunn er veitt samkvæmt niðurstöðum úr fleiru en einu prófi eða úr prófi og æfingaverkefnum, skal í hvert sinn gefa frumeinkunn samkvæmt fyrra dálki í töflu II. Deildin setur ákvæði um það, hvernig reikna skuli stigatölu heildareinkunnar úr frumeinkunnum.

Tafla I.

Námsgrein	Flokkur	Árspróf			Einkunnir samtals
		1.	2.	3.	
Stærðfræði	I	$\left\{ \begin{array}{l} 1 (s) \\ 1 (m) \end{array} \right.$	1 (s+m)	1 (s+m)	4
Aflfræði	I		1 (s+m)	1 (s+m)	2
Burðarþolsfræði	I			1 (s)	1
Rúmmyndafræði	II	1 (s+m)	1 (s+m)		2
Eðlisfræði	II	1 (s+m)	1 (s+m)	1 (s+m)	3
Efnafræði	II	1 (s)	(1)		1
Jarðfræði	II	(1)	1 (s)		1
Teiknun: Prófteikning og teknisk teikning: 1 einkunn; húsagerð, geómetr. teikning og landmæling-arteiknun: 1 einkunn	III			2	2
Landmæling munnleg: 1 einkunn, mæling og kortagerð: 1 einkunn, hallamæling: $2 \times \frac{1}{2}$ einkunn		IV		3	3
Húsagerð	IV			1	1
					20 eink. samtals

2. Próftilhögun og tímamörk.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg. Við gjöf einkunna má taka tillit til úrlausna æfingaverkefna, sem stúdentinn hefur leyst af hendi við námið, samkvæmt reglum, sem deildin setur.

76 Stúdent segir sig til prófs í árshlutum prófflokka eða heilum prófflokkum 17. júní (sjá 57. gr. 1), enda hafi hann þá lokið, eða ljúki samtímis, prófi í fyrri árs-
hlutum prófflokkanna. Í fyrsta sinn skal hann þó ganga undir próf í greinum I.
og II. prófflokks.

Heimilt er að endurtaka próf að nokkru eða öllu leyti. Þó verður að endur-
taka heilan prófflokk eða þá hluta hans, sem eiga saman samkv. 57. gr. 1. Endur-
tekning prófs í einum árshluta prófflokks ógildir próf, sem áður hafa verið tekin
í þeim árshluta prófflokksins, svo og þau, er kunna að hafa verið tekin í seinni
árshlutum sama prófflokks, og tekur þetta ákvæði gildi um leið og upptökuprófið
er hafið. Við endurtekningu prófa er eigi skylt að endurtaka verkleg viðfangsefni
eða æfingar, sem metnar eru til prófseinkunnar, eða verkleg viðfangsefni í sér-
grein.

Fullnaðarprófi skal stúdent hafa lokið eigi síðar en 4 árum eftir að hann er
skráður í deildina, nema sérstakar ástæður mæli með undanþágu að dómi deild-
arinnar.

3. Einkunnastigi.

Við gjöf einkunna skal nota talnaröð I í eftirfarandi töflu, og hlýtur stúdent
í hvert sinn þá einkunn, er næst liggur meðaltali einkunna kennara og prófdómara.

Um teikningar í rúmmyndafræði, húsagerð og landmælingu dæma kennarar
þessara námsgreina ásamt teiknikennara og prófdómurum.

Tafla II.

Einkunnir og stigagildi þeirra.

I	II	I	II	I	II
6	8	4	5	2	—7
5 $\frac{2}{3}$	7 $\frac{2}{3}$	3 $\frac{2}{3}$	3 $\frac{2}{3}$	1 $\frac{2}{3}$	—12 $\frac{1}{3}$
5 $\frac{1}{3}$	7 $\frac{1}{3}$	3 $\frac{1}{3}$	2 $\frac{1}{3}$	1 $\frac{1}{3}$	—17 $\frac{2}{3}$
5	7	3	1	1	—23
4 $\frac{2}{3}$	6 $\frac{1}{3}$	2 $\frac{2}{3}$	—1 $\frac{2}{3}$		
4 $\frac{1}{3}$	5 $\frac{2}{3}$	2 $\frac{1}{3}$	—4 $\frac{1}{3}$		

4. Prófkörfur.

Við próf eru gerðar þessar kröfur um einkunnir:

Til þess að standast fullnaðarpróf verður stúdentinn að hafa hlotið eigi minna
en 5 stig að meðaltali í öllu prófinu, eigi minna en 4 stig að meðaltali í hverjum
prófflokki og eigi minna en 5 stig að meðaltali í námsgreinum 1., 2. og 3. prófflokks,
sbr. 57. gr. 1. lið.

Aðaleinkunn 5.00—5.99 (í stigum) telst 2. einkunn, 6.00—7.49 telst 1. einkunn
og ágætiseinkunn 7.50 eða meira.

VI. KAFLI

Próf.

a. Tilhögun prófa.

58. gr.

Próf geta verið munnleg, skrifleg eða verkleg.

Háskólakennarar standa fyrir prófum, en hver deild ræður tilhögun prófa hjá
sér, að svo miklu leyti sem ekki eru sett bindandi ákvæði um það í lögum eða
reglugerð.

Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði. Þó er háskóladeild heimilt, ef 76 sérstaklega stendur á, að ákveða, að slík próf skuli haldin fyrir luktum dyrum. 17. júní

b. *Próftími.*

59. gr.

Próf þau, sem teljast til fullnaðarprófs, skulu haldin að jafnaði í lok kennslu-misseris, sbr. þó 46. gr. b 1 um próf í lyfjafræði lyfsala og 56. gr. b 1 um próf í verkfræðideild. Einstakar deildir geta ákveðið að prófa á öðrum tíma með samþykki háskólaráðs, enn fremur að halda próf aðeins í lok vormisseris. Um önnur próf ákveður háskóladeild, hvenær þau fari fram. Auglýsa skal, hvenær próf hefjist og að jafnaði með hálfmánaðar fyrirvara hið skemmsta. Stúdent er heimilt að ganga undir tiltekið próf, ef hann hefur áður lokið á fullnægjandi hátt tilskildum prófum og æfingum. Gæta ber þó fyrirmæla um skemmstan og lengstan tíma, sem líða megi frá skrásetningu til frumprófa, svo og milli einstakra prófhluta og prófgreina og upphafs náms og lokaprófs.

c. *Skráning til prófa.*

60. gr.

Þeir stúdentar, sem óska að ganga undir háskólapróf, skulu tilkynna háskólaritara það innan skráningarfrests, svo sem hann er ákveðinn hverju sinni með auglýsingu. Í fyrsta skipti, er stúdent segir sig til prófs, er telst til fullnaðar-einkunnar, skal hann greiða prófgjald. Prófgjald verður ekki endurgoldið, þótt stúdent hætti við próf eða standist það ekki. Þegar stúdent er skráður til loka-prófs, skal hann greiða gjald fyrir prófskírteini, en það gjald skal endurgreiða stúdent samkvæmt ósk hans, ef hann lýkur ekki prófinu. Háskólaritari veitir gjöldum þessum viðtöku, og renna þau til prófgjaldasjóðs.

Prófgjald er 100 krónur og prófskírteinisgjald er 100 krónur.

d. *Heimild til að þreyta próf af nýju.*

61. gr.

Nú stent stúdent ekki próf, gengur frá því, eftir að hann hefur byrjað próf, eða kemur ekki til prófs og hefur þó ekki boðað forföll. Er honum þá heimilt að þreyta prófið af nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að ganga oftar undir það. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.

Ákvæðin í 1. mgr. um heimild til að þreyta próf af nýju gilda þó ekki, ef stúdent hefur gengið frá prófborði í munnlegu prófi, áður en prófandi leyfir.

Stúdent er heimilt að endurtaka próf, sem hann hefur staðizt, ef það er gert í tæka tíð samkvæmt ákvæðum þeim, er gilda um tímabil milli prófhluta. Nú byrjar stúdent prófið, og fellur þá fyrra próf í grein eða prófhluta úr gildi. Þar sem flokki greina er skipað saman í prófhluta, verður stúdent að taka upp próf í öllum greinum prófhlutans, ef hann vill ekki una fyrra prófi.

Nú óskar kandídat að taka upp próf að nokkru eða öllu, og gilda þá einnig ákvæði 3. málsgreinar, þó svo að kandídatsprófið heldur gildi sínu, ef kandídat byrjar á prófi af nýju, en lýkur því ekki.

e. *Um prófstjórn og hagi prófmannna.*

62. gr.

Rektor ræður prófstjóra, sem annast undirbúning og stjórn prófa. Prófstjóri ræður prófverði í samráði við rektor.

76 Stúdentum, sem í prófi eru (prófmönnum), er óheimilt að aðstoða aðra próf-
17. júní menn við prófurlausn eða leita aðstoðar annarra. Skrásettum stúdent, sem ekki er í prófi, er einnig óheimilt að veita slíka aðstoð. Prófmönnum er óheimilt að tala saman, og þeir mega ekki hafa aðrar bækur eða gögn með sér en þau, sem deild þeirra leyfir, og skulu gögn þessi könnuð, áður en próf hefst. Prófmenn mega ekki heldur fá léðar bækur, sem leyfðar eru, hjá öðrum þeim, sem í prófi eru. Brot gegn ákvæðum þessum og öðrum prófreglum, sem háskólaráð setur, varða visun frá prófi eða brottrekstri úr háskólanum.

Prófmenn skulu vera komnir í sæti sín, áður en verkefni til skriflegrar úrlausnar er lesið eða afhent.

Nánari reglur um prófvörzlu og framkvæmd prófa skal setja með sérstakri samþykkt háskólaráðs.

f. Um prófdómendur og störf þeirra.

63. gr.

Við þau próf, sem teljast til fullnaðarprófs, skal vera einn prófdómari utan háskólans. Auk þess geta einstakar deildir samþykkt að hafa einn prófdómara úr hópi deildarkennara í öllum greinum eða nokkrum. Við meistaraþróf í íslenskum fræðum dæma þó kennararnir einir.

Við þau próf, sem teljast ekki til fullnaðarprófs, skal einn kennari deildar þeirrar, sem í hlut á, gegna prófdómarastörfum samkvæmt kvaðningu deildarforseta.

Í forspjallsvísindum dæmir kennarinn einn um prófið.

Menntamálaráðherra skipar prófdómendur þá, sem eru ekki háskólakennarar, að fengnum tillögum háskóladeildar. Háskóladeild skal nefna tvöfalt fleiri menn en skipa á, ef völ er svo margra hæfra manna, að mati deildar. Þá eina má skipa prófdómara, sem lokið hafa viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla í þeirri grein, sem prófdómari skal dæma, eða getið hafa sér orð fyrir kunnáttu í greininni. Prófdómendur skulu skipaðir til þriggja ára í senn.

Menntamálaráðherra ákveður þóknun til prófdómenda að fengnum tillögum háskólaráðs.

64. gr.

Prófandi og prófdómandi eða prófdómendur, ef því er að skipta, velja í samningu úrlausnarefni í hverri grein hins skriflega prófs, en munnlegum úrlausnarefnum ræður prófandi einn.

65. gr.

Prófandi og prófdómandi eða prófdómendur, ef því er að skipta, dæma í samningu um úrlausn í prófgrein hverri. Hvor eða hver um sig gefur einkunn fyrir úrlausnina.

g. Um prófbók.

66. gr.

Deildarforseti hlutast til um, að prófverkefni séu færð í prófbók, eða varðveitt með öðrum tryggilegum hætti. Séreinkunnir og aðaleinkunnir skal færa í prófbók, er prófendur og prófdómendur undirrita að loknu prófi.

h. Um einkunnir.

67. gr.

Þessar stofneinkunnir eru gefnar við háskólaþróf, önnur en próf í verkfræði og lyfjafræði lyfsala:

16, 15, 14, 13, 12, 11, 10, 9, 8, 7, 6, 5, 1, ÷5, ÷11, ÷22.

Fullnaðareinkunn kandidateis er meðaltal einkunna þeirra, sem hann hefur 76 hlotið, enda sé þá tekið tillit til ákvæða reglugerðar um einkunnagildi prófa í 17. júní einstökum greinum.

Um einkunnir við próf í verkfræði og lyfjafræði lyfsala segir í 47. gr. b. og 57. gr. 3.

68. gr.

Aðaleinkunnir eru þessar:

1. Ágætiseinkunn	14.5	—16	stig að meðaltali.
2. Fyrsta einkunn	10.5	--14.49	— — —
3. Önnur einkunn	10.49	og færri	— — —

Stúdent telst ekki hafa staðizt próf, nema hann hljóti meðaleinkunnina 7 í hverjum hluta prófsins um sig eða í einstakri prófgrein, ef próf er tekið í henni sérstætt (forpróf, áfangapróf). Stúdent skal hafa hlotið sömu lágmarkseinkunn á ársprófi í þeim deildum, sem kunna að taka upp árlegt próf. Háskóladeildum er heimilt að áskilja hærri lágmarkseinkunn fyrir einstök próf eða prófhluta með samþykki háskólaráðs.

Nú hlýtur stúdent ÷22 í einni námsgrein, er telst til fullnaðarprófs, og stenzta hann þá eigi prófið.

i. *Prófskirteini.*

69. gr.

Að loknu fullnaðarprófi skal kandidatei fá prófskirteini, sem deildarforseti undirritar.

Nú er deildarforseti laga- og viðskiptadeildar úr lagadeild, og undirritar þá sá prófessor viðskiptadeildar, sem deildin ákveður, prófskirteini viðskiptafræðinga, og gagnstætt. Prófskirteini kandidateis í tannlækningum og lyfjafræði lyfsala undirritar forstöðumaður viðkomandi deildarhluta.

j. *Frávik frá prófreglum.*

70. gr.

Háskólaráði er heimilt, eftir tillögum háskóladeildar, að víkja lítils háttar frá settum reglum um kennslu og próf.

k. *Erlend háskólapróf.*

71. gr.

Háskólaráð ákveður, að fenginni umsögn deildar, hvort viðurkenna skuli háskólapróf, sem stúdent tekur erlendis, og að hverju leyti. Nú er erlent háskólapróf viðurkennt, og ákveður deildin þá, hvort einkunn sú, sem stúdent hefur hlotið á prófi, skuli talin prófseinkunn við fullnaðarpróf hér á landi eða ekki.

VII. KAFLI

Doktorar og meistara.

72. gr.

Háskóladeildir hafa rétt til að veita doktorsnafnbót. Slíka nafnbót má veita annaðhvort í heiðurs skyni eða að undangengnu sérstöku prófi. Doktorsnafnbót í heiðurs skyni verður ekki veitt nema með einróma samþykki atkvæðisbærra deildarmanna og með samþykki háskólaráðs. Háskóladeildir standa fyrir doktorsprófi.

76

17. júní

Sá, er æskir doktorsnafnbótar, skal að jafnaði hafa lokið kandidateisprófi eða embættisprófi.

73. gr.

74. gr.

Doktorspróf er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, munnlegri vörn, og enn fremur geta einstakar deildir með samþykki háskólaráðs skilið til, að doktors-efni flytji fyrirlestur um fræðileg efni, einn eða fleiri.

Umsókn um að þreyta doktorspróf skal skilað til hlutaðeigandi háskóladeildar.

Nú leggur sá, er æskir að taka doktorspróf, fram fleiri ritgerðir en eina, og verða ritgerðir þá að varða sama meginrannsóknarsvið og mynda nokkra heild. Þegar svo stendur á, skal semja sérstaka yfirlitsritgerð, þar sem dregið er saman efni hinna einstöku ritgerða og settar eru fram heildarályktanir.

Rit það, er doktorsefni leggur fram, eða yfirlitsritgerð, sé um fleiri ritgerðir að ræða, mega hafa birzt í lengsta lagi 2 árum áður en rit eru afhent háskólanum vegna doktorsprófs. Óheimilt er án leyfis deildar að breyta ritgerð, eftir að hún er afhent háskólanum.

Ritgerð má vera á erlendu máli, en áskilja má, að hún geymi rækilegan útdrátt á íslensku. Háskóladeild getur veitt manni leyfi til að tala erlent mál við doktorspróf.

75. gr.

Háskóladeild skipar þriggja manna dómnefnd til að meta vísindagildi rit-smíða þeirra, er fylgja umsókn doktorsefnis. Í dómnefnd er heimilt að skipa menn utan háskólans, þ. á m. erlenda menn. Dómnefnd skilar skriflegu og rökstuddu álit til deildar. Nú er það einróma álit dómnefndar, að rit, sem umsækjandi hefur lagt fram, fullnægi ekki kröfum þeim, sem gera verður til doktorsritgerða, og skal deildin þá synja umsækjanda um að ganga undir doktorspróf. Endranær metur deildin það fyrir sitt leyti, að fengnu álit dómnefndar, hvort veita skuli umsækjanda kost á að þreyta prófið.

Nú telur deildin ritgerðina tæka til doktorsvarnar, og skal umsækjandi þá láta prenta hana, hafi það ekki verið gert áður.

Háskólinn á rétt á 100 eintökum ókeypis. Síðan skal doktorsefnið verja hana í háskólanum í heyranda hljóði á þeim degi, sem deildin ákveður, en ritgerð eða ritgerðir skulu hafa birzt opinberlega a. m. k. fjórum vikum áður en munnleg vörn fer fram.

Nú vill maður, sem ekki er tilnefndur andmælandi, taka til máls um verk doktorsefnis, og skal hann þá skýra deildarforseta frá því einum sólarhring áður en doktorsvörn fer fram. Þó getur deildarforseti leyft manni úr áheyrindahópi stutta athugasemd án slíks fyrirvara. Að lokinni munnlegri vörn og fyrirlestra-haldi, ef því er að skipta, ákveður deildarforseti ásamt andmælendum, hvort veita skuli doktorsnafnbót. Verði ágreiningur, skal skjóta málinu til deildarfundar.

76. gr.

Háskólaráð getur samkvæmt tillögum háskóladeildar ákveðið, að munnleg vörn við doktorspróf falli niður, ef sérstök ástæða þykir til, enda sé dómur dómnefndar lofsamlegur um rit doktorsefnis. Háskólaráð getur með sama skildaga leyst doktorsefni undan þeirri skyldu að birta ritgerð sína á prenti, en áskilja skal, að hann afhendi háskólanum nokkur eintök af ritgerð sinni eða ritgerðum, vélrituðum eða fjölrituðum, enda skal þá eitt eintak liggja frammi í Háskólabókasafni einn mánuð hið skemmsta, áður en vörn fari fram. Þegar svo stendur á, sem í þessari málsgrein segir, skal birta rökstutt álit dómnefndar í næstu árbók háskólans.

77. gr.

76

Að loknu doktorsprófi fær deildarforseti doktor í hendur doktorsskjal, sem deildarforseti undirritar. Gjald fyrir doktorsskjal er 300 krónur og rennur í próf-gjaldasjóð. 17. júní

Nánari reglur um framkvæmd doktorsprófs skulu settar með sérstakri samþykkt háskólaráðs.

78. gr.

Hver sá, er hlotið hefur doktorsnafnbót frá háskólanum, á rétt á að halda þar fyrirlestra í vísindagrein sinni, en tilkynna verður hann það háskólaráði.

Nú þykir doktor misbeita þessum rétti sínum, og getur þá háskólaráð svipt hann réttinum.

79. gr.

Háskólaráð getur ákveðið í samþykkt samkvæmt tillögum háskóladeildar, að heimilt sé að ganga undir meistarapróf í grein, að loknu embættis- eða kandidateitsprófi. Prófið er fólgið í samningu ritgerðar eða ritgerða, og má áskilja, að umsækjandi gangi einnig undir munnlegt próf í tilteknum greinum og haldi opinbera fyrirlestra. Ritgerð skal skila til þeirrar háskóladeildar, sem í hlut á.

Við meistarapróf gilda sömu reglur um ákvörðun prófsefna og mat á úrlausnum sem við fullnaðarpróf, þó svo að við meistarapróf í íslenskum fræðum gilda ákvæði 63. gr. 1. málsg. Hver háskóladeild, sem ákveður að taka upp meistarapróf, ákvarðar nánar prófkröfur með samþykki háskólaráðs.

VIII. KAFLI

Stofnanir háskólans, eigur hans og fjármál.

80. gr.

Háskólaráð hefur yfirumsjón með einstökum háskólastofnunum, svo sem háskólabókasafni, fyrirtækjum háskólans, svo sem happdrætti og kvikmyndahúsi, og með sjóðum skólans og öðrum eigum.

Háskólaráð setur einstökum fyrirtækjum háskólans samþykktir, ræður forstjóra þeirra og setur þeim erindisbréf.

Um stjórn sjóða fer eftir því, sem stofnskrár eða aðrar samþykktir mæla fyrir um. Sama gegnir um úthlutun vísindalegra verðlauna.

Um tengsl atvinnudeildar háskólans við háskólann fer eftir því, sem segir í III. kafla laga nr. 68 7. maí 1940 og öðrum lögum, er þar að lúta, og um tengsl tilraunastöðvar háskólans í meinafræði við háskólann, svo sem segir í lögum nr. 11 28. febr. 1947 eða öðrum lögum eða reglum, er sett kunna að verða.

81. gr.

Forseti Íslands veitir embætti háskólabókavaraðar að fengnum tillögum háskólaráðs. Háskólabókavörður skal hafa sérþekkingu í bókasafnsfræðum. Nú kennir háskólabókavörður bókasafnsfræði við háskólann, og tekur hann þá sömu laun og próffessorar. Háskólaráð ræður annað starfslið bókasafns eftir því, sem fé er veitt til í fjárlögum. Háskólaráð setur reglur um stjórn háskólabókasafns og fær háskólabókaverði erindisbréf.

82. gr.

Háskólaráð ráðstafar fé því, sem háskólinn hefur til umráða, innan þeirra takmarka, sem lög, reglugerðir eða aðrar reglur setja. Leita skal álitis háskóladeildar, sem í hlut á, áður en ráðstafað er fé til útgáfu og kaupa á bókum, svo og um styrkveitingar, sem bundnar eru við nemendur tiltekinnar háskóladeildar.

76

17. júní

Háskólaráð gerir stjórnarráðinu skilagrein fyrir fé því, er það hefur haft til umráða umliðið ár.

83. gr.

IX. KAFLI

Kennaraembætti og kennarastöður við Háskóla Íslands.

84. gr.

Við Háskóla Íslands eru þessi prófessorsembætti:

1. Í guðfræðideild 4: Í gamlamenteisfræðum, í nýjateamenteisfræðum, í kirkjusögu og í trúfræði.
2. Í læknadeild 8: Í handlæknisfræði, í heilbrigðisfræði, í lífeðlis- og lífefnafræði, í líffærafræði, í lyfjafræði, í lyflæknisfræði, í meina- og sýklafræði og í tannlæknisfræði.
3. Í laga- og viðskiptadeild 6: Í lögfræði 4, í viðskiptafræði 2 (í rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði).
4. Í heimspekideild 8: 1 í heimspekilegum forspjallsvísindum, 1 í uppeldisfræðum, 6 í íslenskum fræðum: 2 í málfræði, 2 í bókmenntum og 2 í sögu.
5. Í verkfræðideild 4: Í stærðfræði, í aflfræði og burðarþolsfræði, í teikningu og landmælingafræði og í eðlisfræði.

Nú óskar skipaður prófessor eftir því, að aðalkennslugrein hans verði breytt, er prófessorsembætti verður laust í deild hans, og getur menntamálaráðherra þá heimilað breytinguna, ef deild sú, sem í hlut á, fellst á tilmæli prófessorsins.

85. gr.

Prófessorarnir í lyflæknisfræði og handlæknisfræði veita forstjórn lyflæknis- og handlæknisdeildum Landspítalans, og prófessorinn í meinafræði veitir jafnframt forstöðu rannsóknarstofu í meinafræði. Prófessorinn í heilbrigðisfræði skal auk kennslunnar í þeirri grein annast heilbrigðislegar rannsóknir fyrir heilbrigðisstjórnina, þar á meðal manneldisrannsóknir í samráði við manneldisráð. Prófessorinn í lyfjafræði hefur umsjón með kennslu í lyfjafræði lyfsala. Kennarinn í lyfjafræði lyfsala hefur jafnframt á hendi eftirlit með lyfjabúðum fyrir heilbrigðisstjórnina.

Prófessorinn í eðlisfræði er jafnframt forstöðumaður rannsóknarstofu til mælinga á geislavirkum efnum. Rannsóknarstofa þessi lýtur verkfræðideild.

Prófessorinn í uppeldisfræðum skal skipuleggja kennsluæfingar nemenda í uppeldisfræðum. Hann skal halda fyrirlestra fyrir starfandi kennara og efna til námskeiða fyrir þá. Auk þess skal hann annast rannsóknir og leiðbeiningastörf í þágu uppeldismála landsins, eftir því sem nánar verður ákveðið.

Prófessorinn í forspjallsvísindum hefur á hendi kennslu í uppeldisfræðum, eftir því sem samrýmist störfum hans.

86. gr.

Menntamálaráðherra ákveður tölu dósentna, lektora, aukakennara og aðstoðarkennara í einstökum deildum og greinum, að fengnum tillögum háskólaráðs.

X. KAFLI
Um rannsóknarstöðvar.

76
17. júní

87. gr.

Heimilt er að setja á stofn rannsóknarstöðvar við einstakar deildir háskólans samkvæmt tillögum deildar og með samþykki háskólaráðs, eftir því sem fé verður veitt til þess, og skal hverju sinni kveða á um það, hversu fari um forstjórn rannsóknarstöðvar og tilhögun.

XI. KAFLI

Gildistaka og brottfallin ákvæði.

88. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 60 7. júní 1957, að fengnum tillögum háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Nú er sérákvæðum um kennslu og próf í einstökum deildum breytt með reglugerð þessari, svo að aukið sé við námið, og taka ákvæði reglugerðarinnar þá til þeirra stúdenta einna, sem skráðir eru í háskólann eftir gildistöku hennar. Sérákvæðunum í 42. og 43. gr. um nám í læknadeild skal beitt svo sem hér segir:

1. Þeir stúdentar einir, sem skráðir eru til náms í læknadeild eftir gildistöku reglugerðarinnar, eru skyldir til að hlíta ákvæðum 43. gr., 2. töluliðs, um upphafspróf.
2. Þeir stúdentar, sem ljúka fyrsta hluta prófi vorið 1958 og síðar, skulu hlíta ákvæðum 42. og 43. gr. um annan og þriðja hluta námsins.
3. Þeir stúdentar, sem ljúka öðrum hluta embættisprófs í læknisfræði vorið 1958 og síðar, skulu hlíta ákvæðum 42. og 43. gr. um þriðja hluta embættisprófs.

Próf, sem stúdentar hafa tekið við háskólann fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, skulu metin eftir eldri reglum, og eiga því ákvæði 68. gr. um lágmarks-einkunn aðeins við þau próf, sem tekin eru eftir gildistöku reglugerðarinnar, svo og ákvæði 61. gr. um heimild manna til að þreyta próf af nýju.

89. gr.

Við gildistöku reglugerðar þessarar fellur úr gildi reglugerð fyrir Háskóla Íslands nr. 47/1942 ásamt síðari breytingum og viðaukum svo og reglugerð nr. 78 2. ágúst 1945, um nám í verkfræðideild, og reglugerð nr. 74 19. sept. 1957, um nám í lyfjafræði lyfsala. Enn fremur eru aðrar reglur stjórnarvalda, er brjóta kunna í bága við reglugerð þessa, fallnar úr gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 17. júní 1958.

Gylfi Þ. Gíslason.

Birgir Thorlacius

